

# Frjáls

# PALESTÍNA

Málgagn Félagsins Ísland-Palestína - 1. tbl. 18. árg. - Júní 2007

## Viðurkennum Þjóðstjórn Palestínu

Forsætisráðherra á að hafa sagt, aðspurður um tillögu Valgerðar Sverrisdóttur að viðurkenna lögleg og lýðræðislega kjörin stjórnvöld í Palestínu, að hann sé nú ekkert hrifinn af Hamas. Nú geri ég ráð fyrir að þetta hafi verið sagt í hita leiksins hjá Kosninga-Agli. Geir Haarde hafði verið í samtali við Egil í Silfrinu á lokadegi landsfundar Sjálfstæðisflokksins og mæltist þá á allt annan og jákvæðari hátt um Palestínu sem hann vildi að Ísland hefði gott samband við.

Varla ætlar forsætisráðherra að láta það ráða afstöðu sinni til stjórn mála-sambands við einstök ríki, hvort honum líki við flokka eða einstaklinga þar um slóðir. Kann Geir Haarde vel við Pútín eða Bush? Er hann hrifinn af kínverska kommúnistaflokknum? Ef ekki, ætlar hann þá beita sér gegn stjórn mála-sambands Ísland við Rússland, Bandaríkin og Kína? Varla.

Annað mál er, að það er engan veginn jafnaðarmerki á milli Hamas-samtakanna og palestínsku stjórnvaldanna. Þar er sannanlega þjóðstjórn við völd sem ekki einasta stærstu stjórn málaöflin, Fatah og Hamas, hafa sameinast um, heldur líka smærri flokkar á löggjafarþinginu, þannig að bókstaflega öll stjórn málaöfl á herteknu svæðunum hafa lagt grunn að réttnefndri þjóðstjórn.

Það var skömm að því að Vesturveldin skyldu veita Ísraelsstjórn liðsinni í að einangra Palestínu, pólitískt og efnahagslega, eftir kosningarnar í janúar í fyrra, vegna þess að mönnum líkuðu ekki úrslitin. Kosningarnar höfðu þó farið fram eins vel og kostur var við aðstæður hernáms. Erlendir eftirlitsaðilar, þar á meðal Jimmy Carter, fyrrum Bandaríkjaforseti, gáfu þeim hæstu einkunn og kosningaþátta var góð. Úrslitin breyttu ekki miklu hjá Ísraelsstjórn. Hún hefur hvort sem er



Eftir  
Sveinn  
Rúnar  
Hauksson

neitað að eiga viðræður við palestínsku stjórnvöld um framtíð landsins. Allt frá því að Sharon og síðar Olmert komust til valda hefur það verið opin ská stefna Ísraels að ákveða einhliða málefni hertekinnar Palestínu. Engu breytir hvort Fatah eða Hamas eru við völd. Ekki var rætt við Arafat. Það hefur hins vegar auðveldað Ísraelsstjórn málin að Hamas vann síðustu kosningar.

Ísraelsstjórn hefur fyrr og síðar reynt að einangra Palestínurmenn, gera þeim ömögulegt að búa í landi sínu og helst að gera þá útlæga. Stærstur hluti palestínsku þjóðarinnar, yfir fjórar milljónir eru flóttmenn. Úrslit kosninganna í fyrra urðu Ísraelsstjórn verkfæri til að auka enn á þjóningur Palestínurmannanna. Skýrslur hjálpar- og mannúðarstofnana, þar á meðal Sameinuðu þjóðanna eru einróma í mati sínu á hörmulegu ástandi á herteknu svæðunum, ástandi sem versnaði enn frekar með viðskiptabanni Ísraels og Vesturlanda.

Noregsstjórn hefur nú tekið frumkvæði í að rjúfa einangrun Palestínu með því að viðurkenna þjóðstjórnina tafarlaust og aflétta viðskiptabanninu. Ísland á þegar í stað að fylgja þessu fordæmi. Það væri skerfur til mannúðar og friðar í landi sem búið hefur við hernám í 40 ár.

**Sveinn Rúnar Hauksson**  
læknir og formaður FÍP  
[Greinin birtist upphaflega  
í Morgunblaðinu]

# Það þarf vilja til að semja

Ávarp haldið á útifundi á Austurvelli 13. júlí 2006

Skólaárið var búið. Þrátt fyrir miklar truflanir af völdum hernámsins og árása Ísraels hers, hafði tekist að ljúka því. Pabbi og mamma höfðu lofað börnunum að halda upp á próflokkin með því að fara á ströndina. Þau voru þar samankomin á hvíldardegi, föstudeginum 9. júní og voru að fá sér bita, foreldramir og börnin sex, þegar Ísraels her gerði fallbyssuskothríf á fjölskylduna. Öll dóu nema Houda Ghalia, 10 ára gömul telpa sem hafði brugðið sér aðeins frá.

Þetta hryðjuverk varð til þess að Hamas batt enda á nærri eins og hálfis árs vopnahlé sem samtökin höfðu virt samviskusamlega, þótt einhliða væri. Ekkert lát hafði verið gert á árásum Ísraels hers á meðan á þessu 16 mánaða vopnhléi stóð, ekki frekar en mánuðina og árin á undan.

Í gærmorgun myrta Ísraels her 22 manns í loftárásum. Þeirra á meðal voru börn úr níu manna fjölskyldu sem öll lét lífið. Fréttastofu Sjónvarps þótti þetta ekki frétt næmt í gærkvöldi, en var hins vegar með sem aðalfrétt enn eina langlokuna um amfetmínsmygl Litháa og síðan ítarlega ekki-frétt um verð á matvörum, sem hefði getað lækkað ef menn hefðu verið sammála í nefnd.

Olmert forsætisráðherra Ísraels neitar

öllum viðræðum og segir að árásum verði haldið áfram meðan einn Ísraelsku hermaður í haldi andspyrnuhóps sé ekki látinn laus. Meira en 9800, níu þúsund og átta hundruð pólitískir fangar, palestínkir karlar, konur og börn eru í Ísraelskum fangelsum, flest án dóms og laga. Mörg hafa orðið að þola pyntingar. Það er erfitt að hugsa um þetta og erfitt að tala um þetta. Maður á engin orð yfir þann hroka og mannhat sem lýsir langar leiðir af forystumönnum Ísraelsríkis.

Auðvitað er hernámliðinn Shalit liðþjálfari ekkert annað en fyrirsíttur. Ef til stæði að bjarga honum væru farnar samningaleiðir og gerð fangaskipti eins og oft áður. Sömu sögu er að segja í Líbanon. Þar náðu Hizballahsamtökin tveimur hermönnum. Auðvitað nást þeir ekki með innrás í Líbanon, heldur samningum um fangaskipti. En Olmert og Peretz hermálaráðherra eru á bandi ef ekki á valdi herforingjanna og leynipjónustunnar og nú á ekki að ræða við einn eða neinn, heldur sýna mátt sinn og megin. Og freista þess að hræða alla nággranna til undirgefni. Innrásin í Líbanon núna minnir á innrásina 1982 sem Sharon, lærifaðir Olmerts leiddi. Hún leiddi til 18 ára hernáms og hryllilegra óhæfuverka og stórfelldra fjöldamorða í

palestínsku flóttamannabúðunum Sabra og Chatila, sem Sharon bar ábyrgð á. Að hræða, eða terrorisera, er aðferðin, terror og terrorismi eru útlensk orð yfir hryðjuverkastarfsemi. Það er það sem þetta einhliða stríð gengur út á, hryðjuverkastarfsemi Ísraels hers gegn óbreyttum og varnarlausum íbúum herteknu svæðanna. Þessa sömu íbúa ber Ísraelsstjórn að verja. Hernámssveldi, ber samkvæmt Genfarsáttmálanum, að tryggja öryggi íbúanna á þeim svæðum sem hertekin eru. Að ráðast gegn íbúunum eru stríðsglæpir samkvæmt alþjóðalögum.

Það hefur verið síbylja í umfjöllun fjölmiðla um Palestínu að vandinn sé sá, að Hamas samtökin séu ekki reiðubúin að leggja niður vopn og viðurkenna tilvist Ísraelsríkis. Þetta er heldur ekkert annað en fyrirsíttur. Og auk þess er þetta ekki rétt, hvorugt atriðið. Hamas hafa lýst sig reiðubúin til viðræðna hvað eftir annað. Þau hafa oft gert tillögu um vopnahlé, síðast fyrir örfáum dögum. Ísraelsstjórn hefur ávallt hafnað slíkum tillögum og hafnað öllum viðræðum. Þrátt fyrir það hafa Hamas-samtökin sýnt friðarvilja í verki, eins og þau gerðu með vopnahléi frá því í febrúar í fyrra og fram í júní á þessu ári. Þau stóðu við það.

## Ritstjórapistill

Hernám Palestínu er flakandi sár á samvisku heimsbyggðarinnar. Nú, í byrjun júní 2007, eru 40 ár liðin frá Sex daga stríðinu, sem markar upphaf þess hernáms Vesturbakkans og Gaza. Á þessum 40 árum hefur ástandið versnað og versnað – og versnað ennþá meira. Ísraelska ríkisstjórnin er vanalega frekar fljót að leiðrétta okkur þegar okkur dettur í hug að nú geti þetta ekki orðið verra.

Það er með trega sem við minnumst þessara dapurlegu tímamóta. Það gefur manni dálitla tilfinningu fyrir dýpt vandans, hvað tímamótin eru orðin mörg. Í ár eru til dæmis líka 60 ár frá samþykkt Sameinuðu þjóðanna um að stofna skyldi Ísrael og Palestínu, og 20 ár frá upphafi fyrra intifada, sem vill svo til að var um sama leyti og félagið okkar var stofnað, en það verður tvítugt í haust.

Þar sem félagið hefur stækkað og þörfin fyrir það ekki síður, var ákveðið að gefa út

tvö tölublöð af Frjálsri Palestínu í ár. Af nógu er víst að taka, þar sem málefni Palestínu eru annars vegar. Þar leggst á eitt að félagið hefur verið með virkara móti á nýliðnu starfsári og að margt hefur gerst í palestínskum stjórnámum – og reyndar ísraelskum og íslenskum líka.

Jafnvel þau sem búa við kröppust kjör meðal okkar Íslendinga, eiga erfitt með að gera sér aðstæður Palestínumanna í hugarlund. Hér á landi er ríkt fólk og fátækt, en sem þjóð – eða sem hagkerfi – njótum við óvanalegra forréttinda. Palestína er á hinum endanum. Fólkíð sem hefur það slæmt herna hefur það býsna gott í samanburði við þá sem hafa það gott í Palestínu. Ég vona að Íslendingar – jafnt stjórnvöld sem almennir borgarar – muni halda áfram að leggja af mörkum til Palestínumanna. Þá munar meira um það en okkur.

Vésteinn Valgarðsson





Talsmenn Hamas eiga það til að leggja þeirri goðsögn lið að þau viðurkenni ekki tilvistarrétt Ísraelsríkis. Grundvöllur slíkrar afstöðu byggir meðal annars á því að Ísraelsríki sé byggt á ólöglegu hernámi, sem á til dæmis við um innlimun Jerúsalemborgar, sem er ekki viðurkennd af Sameinuðu þjóðunum. Menn spyrja líka, hvaða Ísrael á að viðurkenna? Er það landið sem Sameinuðu þjóðirnar ætluðu gyðingum árið 1947, sem var rúmur helmingur upphaflegrar Palestínu? Eða er það Ísrael „proper“, Ísrael innan landamæruna sem urðu til árið 1949 eftir stríð og hernám sem stækkaði ríki gyðinga upp í 78% af landinu? Er það kannski Stór-Ísrael sem á að viðurkenna, öll Palestína, allt landið frá Jórdaná að Miðarðarhafi? Eða er það kannski Ísraelsríki samkvæmt landamærum sem Olmert og félagar ákveða einhliða, þegar búið er að múra Palestínnumenn inni á nokkrum skikum Vesturbakkans ásamt með fangabúðunum undir beru lofti sem kallast Gaza?

Þetta er áhugaverð spekulاسjón en hún er samt ekki það sem málið snýst um. Það sem skiptir máli er að Hamas-samtökin hafa í raun viðurkennt Ísrael innan landamæruna eins og þau voru 1967. Það er græna-línan, vopnahléslínan frá 1949. Það eru einu alþjóðlega viðurkenndu landamærin sem allir virða nema Ísrael og kannski Bandaríkin, eftir því hver talaði síðast við Bush. Þegar Hamas ákváðu að koma inn í stjórn málin að fullu, að taka þátt í sveitarstjórnkosningum í fyrri og þingkosningum í janúar síðastliðnum, voru þau að samþykka grundvöll stjórnarfarsins á hernámssvæðunum, sem er Oslóarsamkomulagið. Það byggir

á landamærunum frá 1967, tveggja ríkja lausn og að sjálfsögðu gagnkvæmri viðurkenningu aðilanna á tilvist hvors annars.

Vandinn er hins vegar sá, að allt frá því að Sharon tók við völdum 2001, og sama á við um lærisvein hans Olmert, þá hafa ekki verið við völd í Ísrael stjórnarherrar sem virða Oslóarsamkomulagið, heldur þvert á móti menn sem vilja það dautt og hafa sýnt það og sannað í verki. Þeir ræða ekki við Palestínnumenn og hafa ekki ætlað sér ekki að semja við lögmæta og lýðræðislega kjörna fulltrúa palestínsku þjóðarinnar, hvort sem þeir heita Arafat, Abbas eða Ismail Haniyeh.

Í sérdeilis velheppnaðri áróðursherferð hefur Ísraelsstjórn, með stuðningi Bandaríkjastjórnar, tekist að fá Evrópusambandið og fleiri vestræn ríki, meira að segja Noreg, til að hoppa á vagninn hjá sér, og taka þátt í að svipta palestínsku stjórnvöld þeirri aðstoð sem þau eru algerlega háð til að halda uppi heilbrigðisþjónustu, skólum, löggæslu og annarri opinberri þjónustu. Átyllan er sú að Palestínnumenn hafi kosið hryðjuverkasamtök í ríkisstjórn. Hver ástundar hryðjuverk? Eru það samtökin sem virtu vopnahlé í nærri eitt og hálf ár eða er það herinn sem heldur uppi látausum árásum og skipulögðum morðum á hernámssvæðinu?

Í gær var hringt til mín frá Glitni. Starfsmaður fyrirtækjaþjónustu greindi mér frá því að síðasta framlag úr Neyðarsöfnun Félagsins Ísland-Palestína til Öryrkjabandalags Palestínu sæti fast í New York. Búið væri að loka reikningnum hjá Bank of New York sem hafði verið í eigu palestínsks banka og því væri ekki lengur hægt að millfæra

„Þetta er pólitísk,“ sagði hann.

„Þetta er glæpur“, segi ég, „að hindra hjálparstarf og framlög til mannúðarmála á þennan hátt.“

Það var fagnaðarefni að heyra af því fyrir örfáum dögum, að nýr utanríkisráðherra hefði ákveðið að íslensk stjórnvöld muni styrkja hjálparstarf Rauða krossins og Rauða hálfmánans á herteknu svæðunum og sjálfstjórnarsvæðum Palestínu. Framlagið nemur 7,5 milljónum íslenskra króna og Rauði kross Íslands hefur lagt til 5 milljónir að auki. Það er vonandi að betur gangi að koma þessu framlagi áleiðis en frá okkur til Öryrkjabandalags Palestínu.

Við höfum náð að safna á sjöttu milljón í neyðarsöfnun félagsins og höldum að sjálfsögðu áfram, þótt reynt sé að hindra þetta mannúðarstarf. Ég minni á föturnar sem eru hér á sveimi. Hver króna sem í þær kemur rennur óskert til hjálparstarfsins. Hjá okkur er enginn auglýsinga- eða skrifstofukostnaður. Þessi fundur og þátttaka ykkar í dag eru mikilvæg. Fundurinn sýnir og sannar að hér er fólk sem lætur sér ekki á sama standi um örlög fólks sem búið hefur við hernám í 39 ár og er haldið eins og dýrum í búri við ömurlægustu aðstæður. Annars vegar í flóttamannabúðum árum og áratugum saman, kynslóð eftir kynslóð, og hins vegar á svæðum þar sem það er króað inni, með 8-9 metra háum múr og svokölluðum öryggisgirðingum, og er háð duttlungum hernámsliðsins.

Þótt nú horfi illa, þá eiga vinir okkar í Palestínu það inni hjá okkur, að við missum ekki móðinn, ekki frekar en þeir. Við þurfum að horfa í gegnum áróðursþokuna, blása hana burt við hvert tækifæri og krefjast sjálfstæðis og mannréttinda til handa palestínsku þjóðinni, eins og öllum öðrum. Þessu ólöglega hernámi verður að linna og Ísraelsher að hverfa með allt sitt hafurtask – burt frá herteknu svæðunum og burt frá Líbanon. Herinn burt! Hinn ólögmati aðskilnaðarmúr verður að hverfa í samræmi við úrskurð Alþjóðadómstólsins í Haag, sem var afdráttarlaus. Í stað þess að rífa múrinn og bæta fólki tjónið, heldur Ísraelsstjórn áfram byggingu hans, ekki síst nú meðan allra augu beinast að Gaza. Niður með múrinn! Það er til lausn á deilu Ísraels og Palestínu. Hún felst einfaldlega í því að fara að lögum og þar með samþykktum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

En það þarf vilja til að semja og hann er ekki fyrir hendi hjá núverandi stjórn Ísraels. Þess vegna er það skylda alþjóðasamfélagsins og þar með Íslands að knýja á um breytta stefnu í Tel Aviv og í Washington. Mannúð og mannréttindi eru okkar merki. Höldum þeim hátt á lofti. Frjáls Palestína!

# Lítill heimur

SEM ungur drengur í Reykjavík á árunum fyrir heimstyrjöldina síðustu dreymdi mig um að ferðast til fjarlægra landa og fá að kynnast annarri menningu og öðrum síðum. Mér sýndist, hins vegar, afar ólíklegt, að úr slíku gæti nokkru sinni orðið. Þessi lönd voru svo óralangt í burtu. Hvað, sem gerðist í þessum fjarlægum löndum, var jafnvel enn fjarlægara. Fréttir af styrjöldum og hvers konar hörmungum bárust seint og illa. Slíkt virtist koma okkur lítið við. Þetta var annar heimur.

Nú er þetta gjörbreytt. Jafnvel fjarlægustu lönd eru orðin okkar næstu nágrannar. Að flestu, sem þar gerist, verðum við vitni heima í stofu nánast samstundis. Styrjaldirnar, mannréttindabrotin, hungrið, svo fátt eitt sé nefnt, fer ekki fram hjá neinum. Stórstígar framfarir í flugi og fjarskiptum, ekki síst sjónvarpið og veraldarvefurinn, hafa gert margskiptan heim að einum heimi, einni vistarveru, og hún er þétt setin. Þetta veldur jafnframt því að flest, sem gerist

í okkar litla heimi, hefur bein eða óbein áhrif á okkar eigið líf.

Sameiginlegvandamálheimsbyggðarinnar eru mörg. Loftslagsbreytingar af mannavöldum eru líklega mest áberandi eins og stendur. Það mun, ef ekki verður breyting til batnaðar, valda ýmis konar harðindum, sem geta leitt til mikilla átaka. Misskipting veraldlegra gæða er gífurleg. Víðast í vestrænum heimi búum við við allsnægtir á meðan milljónir manna víða um heim eru á vergangi og farast af hungri og sjúkdómum. Í litlum heimi er þetta í dag öllum sýnilegt og veldur tortryggni og jafnvel hatri. Ýmiss konar misklíð veldur styrjöldum, sem oft verða að báli, m.a. vegna máttleysis Sameinuðu þjóðanna og vafasamra afskipta stórvelda.

Ástandið fyrir botni Miðjarðarhafsins er tvímælalaust sú glóð, sem að stærsta ófriðarbálinu getur orðið, ef ekki er farið með mikilli gát og horfið frá þeirri stefnu yfirtgangs, sem þar hefur ráðið för. Um leið og ég fordæmi þau hryðjuverk, sem



Eftir  
Steingrím  
Hermannsson

öfgafullir íslamstrúarmenn hafa framið, velti ég því fyrir mér, hvort ekki megi rekja þær gerðir til þeirrar harðlínustefnu, sem gyðingar og kristnir bókstafstrúarmenn hafa boðað og framfylgt í þessum heimshluta, einkum í deilu Ísraels og Palestínumanna.

Flestir viðurkenna nú, að innrásin í Írak var mikil mistök. Hún hefur stóraukið tortryggni í garð vestrænna þjóða og verið mikið vatn á myllu hryðjuverkamanna. Ekki er séð fyrir endann á því hvernig það mikla sár verður grætt. Hitt er ég sannfærður um að friður næst ekki í Miðausturlöndum fyrr en sátt næst með Ísrael og Palestínumönnum. Þetta hygg ég að flestir viðurkenni nú. Harðlínumenn á meðal gyðinga og í Bandaríkjunum neita hins vegar að standa að því sem gera verður til þess að þetta megi takast.

Sameinuðu þjóðirnar hafa ítrekað krafist þess að Ísraelar hverfi að landmærunum frá 1967. Á þetta hafa Arabalöndin fallist og Evrópa, en Bandaríkjamenn og Ísraelar hafnað. Þetta er þó vafalaust algjör forsenda fyrir því að samningar megi nást. Alþjóðadómstólinn í Haag hefur úrskurðað að múrinn mikla, sem Ísraelar byggja, sé þeim óheimilt að reisa. Þeir byggja hann samt með þegjandi samþykki Bandaríkjanna og innlima með honum stór landssvæði Palestínumanna og skipta jafnvel afhafnasvæðum.

Hvernig má það vera, að viðurkenndar alþjóðastofnanir eru virtar að vettugi, stofnanir, sem þó eru settar á fót til að stuðla að friði í heiminum? Þegar svo er, er varla von að vel fari.

Mörg fleiri dæmi um furðulegan framgang í málefnum Palestínu mætti nefna. Til dæmis voru Palestínumenn hvattir til að halda lýðræðislegar kosningar. Þær fóru vel fram að mati eftirlitsmanna. Hins vegar voru niðurstöður kosninganna ekki Ísraelum og Bandaríkjamönnum þóknanlegar og sú ríkisstjórn, sem á grundvelli þeirra var mynduð, því ekki viðurkennd. Utanríkisráðherra Íslands, Valgerður Sverrisdóttir, hefur lagt til, að við Íslendingar förum að fordæmi Norðmanna og viðurkennum nýja ríkisstjórn Palestínu. Því ber að fagna. Við skulum vona að ríkisstjórnin hafi manndóm til að fara að tillögu Valgerðar.



Íslendingar hafa áður sýnt skilning á málefnum Ísraels og Palestínumanna. Í maí 1989 ályktaði Alþingi um málið. Þar segir meðal annars:

„Nauðsynlegt er að báðir aðilar sýni raunverulegan samkomulagsvilja og viðurkenni rétt hvors annars í samræmi við ályktun Sameinuðu þjóðanna nr. 181 frá 29. nóvember 1947 sem ásamt ályktunum Öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 eru sá grundvöllur er skapað getur varanlegan frið og öryggi í Austurlöndum nær.

Alþingi leggur áherslu á að viðurkenna beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar og tilverurétt Ísraelsríkis.“ Ennfremur segir í ályktuninni: „Alþingi telur að Ísland eigi að hafa vinsamleg samskipti við Frelsisamtök Palestínu, PLO.“

Ég ákvað að fylgja eftir ályktun Alþingis, og þáði boð um að heimsækja Arafat í höfuðstöðvum hans í Túnis. Þangað fór ég þann 12. maí, 1990, fyrstur norrænna forsætisráðherra. Arafat tók mér mjög vel. Ég gerði honum grein fyrir ályktun Alþingis og viðhorfi Íslendinga. Við áttum ágætar og hreinskiptar umræður. Ég sannfærðist um að Arafat vildi mikið til vinna að ná samningum og friði við Ísrael, en hann var með erfitt bakland.

Ýmsir mikils metnir einstaklingar hafa bent á þau atriði, sem ég hef nefnt, sem forsendu samkomulags á milli Ísrael og Palestínumanna og gagnrýnt harðlega framkomuna við Palestínumenn. Þetta gerir m.a. einn merkasti baráttumaður fyrir mannréttindum, sem uppi er nú, Carter, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, í bók, sem er nýlega út komin. Fyrir bók sína hefur Carter verið fordæmdur af harðlínugyðingum í Bandaríkjunum.

Mjög athyglisverð er einnig niðurstaða eins virtasta fræðimanns gyðinga í nútímasögu, prófessors Ilan Pappé. Prófessorinn kemst að þeirri niðurstöðu eftir ítarlega rannsókn á áður lokuðum heimildum um það, sem í raun gerðist árið 1948, þegar Ísraelsríki var formlega stofnað, að hin opinbera söguskýring sé röng og í raun fölsuð og svo hafi verið alla tíð síðan. Í erindi, sem dr. Pappé flutti í Tokyo í marsmánuði s.l., lýsir hann þeirri skoðun sinni að „þrátt fyrir harða alheims gagnrýni hefur Ísrael í engu breytt stefnu sinni um hernám og þjóðfélagslega hreinsun. Forysta zionista skilur ekki enn, að breyting á þessari stefnu er forsenda tilveru [Ísraelsríkis].“ (Í lauslegri þýðingu minni.)

Staðreyndin er að friður er ekki síður nauðsynlegur fyrir íbúa Ísraels en Palestínu. Friður í Miðausturlöndum er reyndar nauðsynlegur fyrir okkur öll, íbúa í litlum heimi.

*Steingrímur Hermannsson* er fyrrum forsætisráðherra Íslands og fyrrum formaður Framsóknarflokksins.



## Girðingin í kringum þorpið

Þann 31. mars síðastliðinn greindi fréttavefur Morgunblaðsins frá því að það hefði komið til rýsinga þegar Palestínumenn reyndu að skemma „varnargirðingu sem Ísraelar reisa nú á milli sín og palestínsku sjálfstjórnarsvæðanna.“ Þótt það sé rétt í sjálfu sér, sem sagt var, þá er ekki nema hálf sagan sögð með þessu orðavali.

Nú í júní eru liðin 40 ár frá Sex daga stríðinu, þegar Ísraelar lögðu undir sig þau svæði sem síðan er þekkt sem Herteknu svæðin. Svo langt hernám á sér fáa líka í seinni tíð, og er mér ekki kunnugt um að í seinni tíð hafi jafnmargir þurft að sæta hlutskipti flóttamanna jafnlengi og í tengslum við þetta hernám.

Andspyrna Palestínumanna gegn hernáminu ratar oft í fréttir, einkum þó þegar ofbeldi er með í spilinu. Friðsamleg andspyrna, sem er mun algengari, er síður fréttæm, en stærsta fréttin er sú sem sjaldnast er sögð. Hún er sú að Palestína er hertekið land, að ísraelskir landtökumenn setjast að í þessu hertekna landi, með vitund og vilja stjórnvalda en í trássi við alþjóðalög, og að ástandinu þar hefur hrakað og hrakað – stundum hægt, stundum hratt, en stöðugt hrakað – áratugum saman.

Palestínskir stjórnmaðmenn eru misjafnir eins og aðrir stjórnmaðmenn, en ábyrgðin liggur fyrst og fremst hjá hernámsliðinu – Ísrael. Það er nefnilega svo, að Palestínumönnum er ókleift að reka efnahagskerfi þegar þeim eru allar bjargir bannaðar, eða að reka eðlilegt þjóðfélag undir oki hernáms og tilheyrandi mannréttindabrota.

Landtaka Ísraela er kafli út af fyrir sig. Hún fer þannig fram, í stuttu máli,

að hópur vopnaðra manna kemur sér fyrir, yfirleitt á „öbyggðu svæði“ – þ.e.a.s. hólum mitt á meðal palestínskra byggða – á herteknu svæðunum. Þeir setjast þar að, með fjölskyldur sínar og allt, og krefjast þess, öryggis síns vegna, að engum Palestínumönnum sé hleypt nær „byggðinni“ þeirra en sem nemur skotfæri. Þetta gera þeir í krafti trúarsannfæringar sem segir þeim að guð hafi gefið Abraham og niðjum hans þetta land eins og það leggur sig. Þeir fá líka hlunnindi frá ísraelsku ríkisstjórninni.

Mikið vatn er runnið til sjávar síðan fyrstu byggðum af þessu tagi var komið upp, og eru sumar þeirra nú orðnar afar stórar. Sú stærsta af þeim öllum heitir Ariel, og er á norðanverðum Vesturbakkanum. Beint fyrir sunnan hana er bærin Salfit, sem um gat í byrjun þessarar greinar. Á milli Salfit og Ariel hefur verið reistur veggur – sums staðar „bara“ margföld gaddavírs-rafmagnsgirðing – til þess að koma í veg fyrir að íbúar Salfit geti nálgast Ariel. Í leiðinni hafa landtökumenn slegið eign sinni á ræktarland og vatnsból, og lokað leiðinni til héraðshöfuðborgarinnar, Qalqiliya. Bærin Salfit stendur ekki rétt við landamærin, heldur tæpa 20 km inni á Vesturbakkanum – og hann er ekki stærri en Árnessýsla. Alþjóðadómstóllinn hefur úrskurðað að þessi aðskilnaðarmúr sé í andstöðu við alþjóðleg lög.

Það er í stuttu máli það sem þessi „varnargirðing“ gerir. Öðru megin við hana eru Palestínumenn, með sína vanmáttugu heimastjórn, hinu megin Ísraelar, stíjandi á stórum hluta hertekinnar Palestínu.

*Vésteinn Valgarðsson*



Eftir  
Uri  
Avnery

# Hefnd barns

**A**ð undanfögnu hefur spurning brotist um í höfði mínu og haldið fyrir mér vöku: Hvað fékk unga Palestínumanninn, sem braut inn í Kibbutz Metzger, til að miða vopninu sínu á móður með tvö börn og drepa þau?

Í stríði drepur maður ekki börn. Það er eðlislægt grundvallaratriði meðal fólks, óháð þjóð og menningu. Jafnvel Palestínumaður sem vill hefna fyrir þau hundruð barna sem Ísraelsher hefur drepið, ætti ekki að taka hefnd sína út á barni. Það siðferðislögmál er ekki til, sem segir „barn fyrir barn“.

Fólkið sem gerir þetta er ekki þekkt sem brjálaðir morðingjar með meðfæddan blóðþorsta. Þeim er lýst í nánast öllum viðtölum sem ósköp eðlilegum einstaklingum sem hneigjast ekki til ofbeldis. Margir þeirra eru ekki öfgatrúarmenn. Sirkhan Sirkhan, maðurinn sem framdi ódæðið í Kibbutz Metzger, tilheyrði reyndar Fatah-hreyfingunni, sem er veraldleg. Þessar manneskjur koma af öllum þjóðfélagsstigum, sumar úr fátækum fjölskyldum sem lifa við hungurmörk, en aðrar koma úr millistéttafjölskyldum, eru háskólanemar, menntafólk. Erfðaefni þeirra er ekkert öðruvísi en okkar. Hvað er það þá sem fær fólk til að fremja þessi verk? Hvað fær aðra Palestínumenn til að réttlæta þau?

Til að þola við er nauðsynlegt að skilja, og það þýðir ekki að maður réttlæti. Ekkert í veröldinni getur réttlætt að Palestínumaður skjóti barn í fangi móður sinnar, rétt eins og ekkert getur réttlætt Ísraela sem varpar sprengju á hús þar sem barn sefur í rúminu sínu. Eins og hebreska skáldið Bialik reit fyrir hundruð árum, eftir Kishinev-ofsókninirnar: „Jafnvel Satan hefur ekki enn hugsað upp hefnd fyrir blóð lítills barns.“

An skilnings er ómögulegt að takast á við vandann. Yfirmenn hersins hafa einfalda lausn: Skjóta, skjóta drepa. Drepið árárarmennina. Drepið yfirmenn þeirra.

Drepið leiðtoga hreyfinganna þeirra. Rústið heimilum fjölskyldnanna þeirra og sendið ættingja þeirra í útleigð. En, eins ótrúlegt og það kann að virðast, hafa þessar aðferðir þveröfug áhrif. Eftir að risavaxin jarðyta hersins jafnar „innviði hryðjuverkastarfseminnar“ við jörðu, og rústar, drepur og rífur allt upp með rötum sem verður á vegi hennar, eru nýir „innviðir“ komnir á laggimar innan fárra daga. Samkvæmt skjölum hersins sjálfs hafa komu meira en fimmtíu aðvaranir á dag, vegna aðsteðjandi hættu, meðan á nýlegri hernaðaraðgerð stóð, sem kennd var við „Varnarskjöld“. Ástæðuna fyrir þessu má draga saman í einu orði: Heift.



Hræðileg heift sem fyllir sálu manns og skilur ekki eftir pláss fyrir nokkurt annað. Heift sem stýrir öllu lífi manns, og gerir sjálft lífið ómerkilegt. Heift sem þurrkar burt öll mörk, myrkvar öll gildi og slítur festar fjölskyldu og ábyrgðar. Heift sem maður vaknar með að morgni, fer með til svefnis á kvöldin og dreymir um á nóttunni. Heift sem segir við mann: Farðu á fætur, taktu vopn eða sprengjubelti, farðu heim til þeirra og dreptu, dreptu, dreptu, sama hverjar afleiðingarnar verða. Venjulegur Ísraeli sem hefur aldrei verið á svæðum Palestínumanna getur ekki einu sinni ímyndað sér orsakirnar fyrir þessar heift. Fjölmíðlarnir okkar hunsu gjörsamlega það sem er að gerast þar, eða færa okkur það í sykurhúðuðum smáskömmtum. Hinn almenni Ísraeli veit nokkurn veginn að Palestínumenn þjást (það er að sjálfsgöðu þeim sjálfum að kenna) en hann hefur enga hugmynd um hvað á sér stað þar í rauninni. Hann varðar heldur ekkert um það. Húsum er rústað. Kaupmaður, lögfræðingur, eða venjulegur handverksmaður sem er virtur í samfélaginu sínu, verður á einni nóttu „heimilislaus“, og börnin hans og barnabörn líka. Hvert þeirra sem er gæti orðið sjálfsmorðsprengjumaður.

Ávaxtatré í þúsundtali eru rifin upp með rótum. Fyrir hermanningnum er þetta aðeins tré sem er fyrir honum. Fyrir eigendunum er þetta hjartablóð þeirra, arfleið forfeðra þeirra, áralangt strit, lífbrauð fjölskyldunnar. Hvaða fjölskyldu-meðlimur sem er gæti orðið sjálfsmorðssprengjumaður. Á hæð milli þorpanna hefur hópur fanta reist „útvarðarstöð“. Herinn mætir á svæðið til að vernda þá.

Þegar þorpsbúarnir koma til að vinna á ökrum sínum er skotið á þá. Þeim er bannað að erja akra eða vinna í aldingörðum í tveggja kílómetra radíus, svo að öryggi „útvarðarins“ sé ekki stefnt í voða. Bændurnir mæna úr fjarska á ávextina sína rotna á trjánnum, akrana þekjast þynnum og þistlum sem ná manni upp í hné, á meðan börnin þeirra hafa ekkert að borða. Hver þeirra sem er gæti orðið sjálfsmorðssprengjumaður. Fólk er drepíð. Limlest lík liggja á götum úti í allra augsýn. Sumir eru „píslarvottar“, sem kusu sér ölög sín sjálfir. En margt annað fólk – menn, konur og börn – er drepíð „fyrir mistök“ þar sem það „reyndi að flýja“, var „nálægt skotmarkinu“ eða vegna einhverrar annarrar af hundrað og einni afsökun sem opinberir talsmenn nota. Herinn biðst ekki afsökunar, herforingjum og hermönnum er ekki refsað vegna þess að „svona er þetta í stríði“. En sérhver manneskja sem var drepin á foreldra, bræður, syni eða frændur. Hver þeirra sem er gæti orðið sjálfsmorðssprengjumaður.

Fyrir utan þetta eru fjölskyldurnar sem lífa við hungurmörk, og þjást af alvarlegum næringarskortum. Feð-

## Áskorun til ríkisstjórnarinnar

Félagið Ísland-Palestína áréttar ályktun aðalfundar félagsins frá 21. mars 2007 og skorar á ríkisstjórnina að viðurkenna þegar í stað þjóðstjórn Palestínu-manna á herteknu svæðunum.

Utanríkisráðherra hefur lýst vilja sínum til að taka upp eðlilegt stjórn mála-samband og forsætisráðherra hefur sagt að Íslendingar vilji hjálpa til í Palestínu.

Skoðanir okkar á einstökum flokkum og stjórn málaöflum í Palestínu geta ekki ráðið því hvort haft er eðlilegt stjórn málasamband við löglega og lýðræðislega kjörin stjórnvöld. Slíkt væri alger vanvirðing við sjálfsákvörðunarrétt þjóðar sem okkur ber skilyrðislaust að virða.

Við hljótum að virða niðurstöður frjálsra og lýðræðislegra kosninga. Það er í samræmi við samhljóða ályktun Alþingis frá 18. maí 1989, þar sem meðal annars er kveðið á um að virða beri sjálfsákvörðunarrett palestínsku þjóðarinnar. Ennfremur ber að líta til þess að þjóðstjórnin sem er tekin við forystu palestínsku stjórnvaldanna stendur á mjög breiðum grunni og styðst við öll stjórn máliöfl sem kjöri náðu til löggjafarþingsins, stór og smá. Að hafna samskiptum við þjóðstjórnina jafngildir að hafna rétti palestínsku þjóðarinnar til sjálfsákvörðunar og í raun að hafna tilverurétti Palestínu.

Með því er líka verið að taka þátt í pólitískri og efnahagslegri einangrun Palestínu og auka enn á áþjána og hörmungar íbúa herteknu svæðanna. Slíkt má ekki viðgangast lengur. Utanríkisráðherra og ríkisstjórn Íslands verða þegar í stað að fara að fordæmi Norðmanna og viðurkenna þjóðstjórnina og aflétta viðskiptabanni gagnvart Palestínu.

Reykjavík, 7. maí 2007

ur sem geta ekki fært börnum sínum mat fyllast örvæntingu. Þetta gætu allt orðið sjálfsmorðssprengjumenn. Hundruðum þúsunda er haldið í útgöngubanni svo vikum og mánuðum skiptir, átta manneskjur kúlðrast í tveim eða þrem herbergjum. Þær aðstæður eru víti líkastar og erfitt að gera sér í hugarlund, á meðan landtökumennirnir skemmta sér konuglega fyrir utan og njóta verndarhersins. Þetta er vítahringur: Í gær ollu sprengjuárásarmennirnir útgöngubanninu og útgöngubannið elur af sér sprengjuárásarmenn morgundagsins. Fyrir utan allt þetta er hin algera niðurlægning sem allir Palestínumenn, óháð aldri, kyni eða þjóðfélagsstöðu, upplifa hverja einustu stund í lífi sínu. Ekki afstæða niðurlægningu, heldur afar áþreifanlega: Að líf hans og dauði séu háð duttlungum átján ára drengs úti á götu eða við einn af hinum óteljandi vegatálum sem Palestínumenn þurfa að fara um, hvert sem þeir ætla, á meðan óaldarhópar landtökumanna eru frjálssir ferða sinna og „heimsækja“ þorpin þeirra, rústa eignum þeirra, tína ólífurnar og bera eld að aldingörðunum. Ísraeli sem hefur ekki séð þetta getur ekki ímyndað sér annað eins líf, kringumstæður þar sem hvaða skíthæll sem er hegðar sér eins og kóngur í ríki sínu, og „þrællinn er orðinn húsbóndi“ – kringumstæður þar sem í besta falli er fólkí bálvað og hrint, oft hótað með vopnum og stundum í raun og veru skotið. Að ekki sé minnst á sjúklinga á leið í blóðskilun, óléttu konurnar á leið á spítala, námsmenn sem komast ekki í kennslutímana sína

og börn sem komast ekki í skólann. Ungmennin sem sjá virðulega afann sinn niðurlægðan opinberlega af einkennisklæddum strákum með horinn lekandi úr nefinu. Hvert þeirra sem er gæti orðið sjálfsmorðsprengjumaður. Venjulegur Ísraeli getur ekki ímyndað sér allt þetta. Hermennirnir eru, þrátt fyrir allt, góðir strákar, synir okkar allra, það er ekki lengara en síðan í gær að þeir voru skóladrengir. En þegar maður tekur þessa góðu stráka, setur þá í einkennisbúninga, treður þeim í gegn um hernaðarmaskínuna og setur þá í aðstæður þar sem hernám ríkir, þá kemur eitthvað fyrir þá. Margir reyna að halda mannlegri ásjónu við ómögulegar kringumstæður, margir aðrir verða að vélmennum sem fylgja einfaldlega fyrirskipunum. Og það eru alltaf, í öllum hópum, einhverjir truflaðir einstaklingar sem dafna við svona ástand og fremja viðurstyggeleg verk, vitandi það að yfirmenn þeirra munu líta undan – eða blikka þá með velpóknun.

Ekkert af þessu réttlætir að barn sé drepíð í fangi móður þess. En það hjálpar manni að skilja hvers vegna þetta á sér stað og hvers vegna þetta mun halda áfram að gerast eins lengi og hernámið varir.

*Uri Avnery* er ísraelskur rithöfundur, stjórn málamaður og aktivisti sem hefur helgað langt líf sitt friðarbaráttunni. Hann er meðal stofnenda friðarsamtakanna Gush Shalom.

*Einar Steinn Valgarðsson* þýddi.



# Menntun eða hugsýking?

**Ræða sem  
Nurit Peled-  
Elhanan hélt í  
Háskólanum  
í Connecticut  
27. september  
2006**

Mig langar að tileinka þessi orð öllum palestísku drengjunum og stúlkunum, og öllum líbönsku drengjunum og stúlkunum, og öllum írösku drengjunum og stúlkunum, sem hafa verið myrt af hugsjúkum ísraelskum og bandarískum hermannastrákum, og hafa nýlega bæst í hópinn, með litlu stúlkunni minni, í neðanjarðaríki dauðu barnanna, sem stækkar undir fótum okkar á meðan ég tala. Mig langar að segja þeim að örvænta ekki: „Það verður tekið vel á móti ykkur þarna, börn, og enginn mun meidda ykkur bara vegna þess að þið römbuðuð af leið á ferð ykkar í skólann, eða vegna þess að þið genguð með höfuðklút, eða vegna þess að þið bjugguð á tilteknum stað. Hvílið í friði, allir eru jafn mikils virði í nýju veröldinni ykkar. Þetta er veröldin þar sem ísraelsk og palestínsk börn dvelja hlið við hlið. Þarna liggja þau, fórnarlömb og morðingjar, og landið helga hefur fyrir löngu drukkið blóð þeirra í sig, en landinu hefur alltaf staðið á sama um blóð. Þarna hvíla þau öll, fórnarlömb blekkingar.

Þið, látnu börn, voruð öll blekkt, vegna þess að ekkert hefur áunnist með dauða ykkar og heimurinn heldur áfram, rétt eins og blóði ykkar hefði aldrei verið úthellt. Vegna þess að leiðtogar heimsins halda áfram morðleikjunum sínum og nota ykkur sem teninga og sorg okkar

sem eldsneyti til að kynda drápsvélarnar sínar. Vegna þess að fyrir hershöfðingjum eru börn afstæð hugtök og sorg pólitískt verkfæri. Þar sem ég lifi báðu megin, á hlið fórnalambanna og dráparanna, spyr ég sjálfa mig hvernig góðum ísraelskum börnum sé breytt í myrðandi skrímsli, hvernig þau eru svo hugsýkt að þau drepi, pynti og niðurlægi önnur börn, foreldra þeirra, afa og ömmur og fórnir eigin lífi fyrir ekkert annað en flónsku og mikilmennskubrjálæði yfirmannasinna? Á hinum svokölluðu upplýstu Vesturlöndum finnst öllum fyllilega réttmætt að kenna íslam um sjálfsmorðssprengingar og hryðjuverk. En hver myndi nokkurn tímann kenna gyðingdómi um morð? Þó vita börn bókstafstrúargyðinga, sem hafa aldrei farið út fyrir Brooklyn, að það er „mitzva“ (heilagt boðorð) að drepa araba, því að þeir eru „vilde hayeths“ (villidýr). Ísraelsk börn fremja þessa glæpi svo í raun og veru, pyntingar og morð. Hvorki gyðingdómur né íslam, né nokkur önnur trúarbrögð ef út í það er farið, eru orsök morða og hryðjuverka. Hennar er hins vegar að leita í rasísku uppeldi, í bandarískri heimsvaldastefnu og miskunnarlausu hernámsveldi Ísraels. Af öllum þeim konum og börnum sem þjást af völdum ofbeldis af hálfu vesturveldanna í dag, þjást múslimakon-

ur mest, en rasisminn fær samt fram að ganga og orsök þjáninga þeirra er rakin til þess að þær eru múslimar.

Í dag eru vesturveldin sýkt af ótta við íslam og móðurlíf múslima. Hið mikla Frakkland frelsis, jafnréttis og bræðralags er hrætt við litlar telpur með höfuðklúta. Í ræðum og skólabókum í gyðingaríkinu Ísrael eru arabískir borgarar kallaðir lýðfræðileg martröð og hinn innri óvinur. Hvað viðvíkur palestínskum flóttamönnum sem búa við hernám, þá eru þeir skilgreindir í sögubókum Ísraels sem „vandamál sem þarf að leysa“. Það er ekki langt síðan að gyðingar voru álitnir vandamál sem þyrfti að leysa.

Þetta hugarfar ríkir þrátt fyrir þá staðreynd, það eru ekki múslimar sem helst eru að eyða heiminum í dag. Fólkið sem beitir háþrúðustu og banvænustu



vopnunum til að drepa þúsundir saklausra borgara er ekki múslimar. Það er kristið fólk og gyðingar. Þrátt fyrir það dirfist fólk úr menningarheimi gyðinga og kristinna að kalla sig upplýst og að kenna einhverjum ímynduðum átökum menningarheima um þetta allt – fólk sem styður glæpi Bandaríkjanna, Bretlands og Ísrael gegn mannkyni, og sér í lagi gegn múslimum um allan heim, fólk sem sendir börnin sín til að berjast í þessum miskunnarlausu og gagnslausu stríðum í nafni lýðræðis og frelsis, sem eru yfirskín fyrir græðgi og mikilmennskubrjálæði. Hvaða lausn býður þessi óttaslegni heimur Palestínunönnum, Írökum og Afgönum sem eru áreittir, kúgaðir, pyntaðir og sveltir vegna vestrænna glæpa og arðráns? Alla jafna hljómar tilboð uppýsta heimsins á þessa leið: Verið eins og við. Komu á lýðræði eins og við erum með, takið gildismati okkar opnum örmum, gildismati þar sem þið eruð fyririlitin, álitin óæðra frumstætt lið sem þarf annaðhvort að rækta eða hreinsa burt.

Það er með þessu viðhorfi, dómur mínar og herrar, sem bandarískum hermönnum leyfist að nauðga, pynta og drepa menn, konur og börn múslima í þúsundatali, ísraelskum hermönnum leyfist að skipa palestínskum konum að fletta sig klæðum fyrir framan börnin sín af öryggisástæðum, fangavörðum leyfist að halda þeim föngnum við

ómannúðlegar aðstæður, án nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu, án þess að gefa þeim hreint vatn eða hreinar dýnur og skilja þær frá ungbörnum sínum og brjóstmylkingum. Með þessu viðhorfi leyfist að hindra aðgang þeirra að menntun, gera landið þeirra upptækt, rústa vatnbrunnunum þeirra, rífa trén þeirra upp með rótum og hindra fólk að vinna á ökrunum sínum. Með þessu viðhorfi leyfist ísraelskum hermönnum að varpa hundruðum sprengja, sem vega tonn hver, á eitt af þéttbýlustu svæðum í heimi – Gaza – og það daglega. Með þessu viðhorfi leyfist Ísrael að setja á rasísk lög sem skilja mæður frá feðrum og börnum.

Palestínskar, Íraskar og afganskar mæður eru mæður eins og ég. Þegar þær missa barn, jafnvel þótt það sé aðeins eitt af tólf, er sársauki þeirra jafn mikill og minn. En auk þess að missa börnin sín glata þær líka heimilinu sín, lífibræði og framtíð vegna þess að heimurinn hlustar ekki á þjáningar þeirra og refsar ekki morðingjunum. Heiður þeirra sem konur mæður og mæður er traðkaður niður. Sjálfmynd þeirra er rústað og hrópum þeirra er ekki hlýtt. Trú þeirra, venjur og aldagamlir lífhættir eru hunsuð og fyririlitin.

Það eru ekki aðeins bandarískir hermenn, heldur einnig ísraelskir hermenn, sem fremja í raun fjöldamorð á „aröbum“,

þ.e. Palestínunönnum og Líbönnum – sem sjá kannski aldrei andlit arabískrar manneskju fyrr en þeir eru kvaddir í herinn. En þeir læra, í tólf löng ár, að þetta fólk sé frumstætt, ali börn sín upp til að senda þau út á götu og kasta grjóti í hermennina okkar sem séu þarna til að tryggja frið, að það sé ómenntað vegna þess að það fær ekki sömu menntun og við, yfirsjónasamt og skítugt vegna þess að það hafi aðrar hugmyndir um kurteisi, klæðist öðruvísi og skýli höfðinu með einhverjum efnisbútum. Já, reynsla mín er sú að meðal friðarsinna séu kafiur mun algengari en kippur. Ísraelsk börn fá ekki að kynast nágrönnum sínum, sögu þeirra, menningu og verðleikum. Ísraelskum börnum er kennt að líta á nágranna sína sem óæskilegt fyrirbæri. Þetta er ekki menntun heldur hugsýking.

Vísindamaðurinn Richard Dawkins varð fyrstur til að tala um veirur hugans. Vegna þess að hugur barna er auðtrúa og opinn, er hann næmur fyrir hugsýki í formi alls kyns áróðurs og tísku. Það er auðvelt að sannfæra börn um að fá sér hringa í andlit, fá sér húðflúr á rassinn, snúa húfunum sínum öfugt, bera á sér magann og trú á engla og álfa. Það er jafn auðvelt fyrir þau að öðlast pólitíska trú og gera sér mynd í huganum sem mun síðar hafa áhrif á afstöðu þeirra til legu landamæra ríkisins í framtíðinni, og um nauðsyn þess að heyja stríð.



Börnin okkar eru öll hugsjúk frá unga aldri. Þegar þau svo eru orðin nógu gömul til að gerast alvöru hermenn, hafa þau fyrir löngu lært að vera góðir hermenn, sem þýðir að hugur þeirra er gjörspilltur og þau geta ömögulega efast um „sannleikann“ sem búið er að innræta þeim. Þetta skýrir að hluta þau skelfilegu voðaverk sem góðir ísraelskir drengir fremja í dag, drengir sem eru sífellt kallaðir „fólk með gildismat“. Þess vegna er löngu kominn tími til að spyrja: Hvaða gildismat er það? Eftirfarandi línur eru hluti af persónulegum formála eftir Tal Sela, sem er einn af nemendum mínum við háskólann, að lokaritgerðinni sinni á önninni, en hún fól m.a. í sér greiningu á kennslubók í sögu:

„5. september 1997 tók ég þátt í björgunaraðgerð í Líbanon. Allir vinir mínir börðust í orrustunni, 12 hermenn voru drepnir. Næstu daga var ég hamingjusamur: „Ég er á lífi, ég slapp,“ sagði ég við sjálfan mig. Hins vegar fann ég, ári síðar, til mikils þunglyndis. Ég var dapur og sligaður af trega. Ég ákvað að leita til sálfræðings. Eftir nokkra tíma tókst mér að safna kröftum á ný, líkamlega og siðferðislega. Ég gat hent reiður á hugsunum mínum. Þá skildi ég að tilfinningauppnámið sem ég fann fyrir var í raun siðferðisvandi, hann varðaði samvisku mína. Það sem ég fann í raun fyrir var óþol, skömm og reiði. Hvernig gat ég verið svona auðtrúa og látið hafa mig að öðru eins ginningarfilfi? Hvernig get ég útskýrt það, að friðsamur maður berskjaldi sig sjálfviljugur gagnvart jafn hryllilegri lísreynslu? Í dag keyrði ég friðaraktívista að eftirlitsstöðvum Ísraels hers á herteknu svæðunum, rétt eins og ég geri alltaf aðra hverja viku. Þar sá ég hermann handjána leigubílstjóra vegna þess að leigubílstjórinn hlýddi ekki fyrirskipun hermanna að leggja hér en ekki þar. „Við margsóggðum honum þetta,“ sögðu hermennirnir. Maðurinn var látinn liggja þyrstur á jörðinni í versta sumarhitunum tímum saman. Vinur hans var heppnari: Hann varð að standa uppréttur í fangaklefa án handjána. Hvað er það sem fær þessa ísraelsku drengi til að skipa sjálfa sig hæstaréttardómara uns þeir tapa allri dómgreind? Ég tel að það sé hin mikla orðræða zionismans sem þjónar því hlutverki að vera hópsamviska alls ísraelska samfélagsins, jafnt út á við sem inn á við. Þessi mikla orðræða er það kerfi gilda sem lætur okkur samsama okkur þessum tiltekna hópi.“

Þetta er kerfið sem ræður samskiptunum milli okkar og Palestínumanna. Hvernig getur maður annars skýrt það að ungt fólk sem var kennt að elska náungann eins og sjálft sig drepí nágranna sína, rústi menntastofnunum þeirra, bókasöfnum og spítölum að því virðist af þeirri ástæðu einni að þeir eru nágrannar þeirra? Eina skýringin er

sú að hugir þeirra hafa verið sýktir af foreldrum, kennurum og leiðtogum sem sannfæra þau um að hinir séu ekki jafn miklar manneskur og við erum og þess vegna sé maður í raun ekki að drepa fólk þegar maður drepur þá; þetta á sér fleiri nöfn, til dæmis „hreinsun“, „refsingu“, „aðgerð“, „áætlun“, „herferð“ og „stríð“. Þó svo að ég tali um ísraelska drengi, einskorðast þessi sótt ekki við Ísrael. Eins og þið vitið gengur hún um allan heim. Frændi minn, Doroni, sem er sjö ára gamall og býr í Bandaríkjunum, kom heim á Hrekkjavökunni og sagði að hann vildi verða hermaður og fara síðan til Íraks og bjarga Bandaríkjunum. Hversu margir ungir Bandaríkjamenn, sem áttuðu sig ekki á því, frekar en hann, hversu fáránleg þessi fullyrðing var, fóru í raun og veru til Íraks og dóu án þess að vita hvers vegna, en með orðin um að „bjarga Bandaríkjunum“ á vörnum? Spurningin er þessi: Hvernig voru þessi fölsku gildi stimpluð í huga þeirra, og hvernig er hægt að þurrka þau burt?

Dawkins segir að mannshugurinn sé haldinn tveimur miklum sjúkdómum: Hvötinni til þess að arfleiða komandi kynslóðir að blóðhefnd, og viðleitninni til að kenna fólk um sem hópi, frekar en sem einstaklingum. Leiðin til að sigra þessi kerfi falskra gilda er að afhjúpa þau. Hugsýkingar veikjast aðeins að hluta til fyrir tilstilli ungs fólks eins og Tal og annara Ísraela, sem neita að gegna herþjónustu, eins og „Stríðsmenn fyrir friði“. En flest hugsýktu börnin okkar losna ekki úr krumlum sýkingarinnar fyrr en þau öðlast hinu hvílu í neðanjarðarríki hinna dáu barna. Fyrst þar mun renna upp fyrir þeim að það skiptir ekki máli hvort þau voru berhöfðuð í sýnagögu eða kirkju eða mosku, hvort þau voru umskorin eða ekki, hvort þau mæltu forboðin orð, borðuðu svín eða kú eða hvort þau fengu sér heitt súkkulaði á eftir salamipizzunni sinni rétt áður en þau voru sprengd í loft upp af einhverjum sem gerði það ekki. Ísraelskar, bandarískar, enskar og ítalskar mæður ala börnin sín upp með allri sinni umhyggju og ástúð, til þess að fórna þeim til dauðaguðsins, rétt eins og móðurlíf þeirra væri klakstöð fyrir hermenn, og feður hvetja börnin sín til að gerast trúir herjum sem tryggja allt annað en öryggi. Þegar þessi börn deyja, til þess að einhver annar græði, axla foreldrarnir missi sinn með virðingu og stolti, eins og þeim var sjálfum kennt, setja myndirnar af dáu börnunum sínum á arinhilluna og andvarpa: „Hann var svo myndarlegur í einkennisbúningnum sínum.“ Það er kominn tími til að segja þessum foreldrum að enginn er myndarlegur í einkennisbúningi hrotta-skapar. Það er kominn tími til að segja þeim að einkennisbúningar, heiðursmerki og titlatog eru ógeð. Segið þeim að að virðingu þeirra og stolti sé kastað á glæ.

Það er kominn tími til að segja gyðingum að eina leiðin til að draga úr gyðingahatri sé að fordæma einu ríkisstjórnina í heiminum sem sendir unga gyðinga-stráka og stelpur vísvitandi í rauðan dauðann og ofsækir heila semíska þjóð svo jaðrar við þjóðarmorð – að útskýra fyrir þeim að það er ríkisstjórn gyðinga og aðgerðir hersins hennar, en ekki eitthvað áskapað hatur gegn kynstofni gyðinga, sem eru ástæður þess að nýja táknið sem við sjáum svo oft í kröfugöngum fyrir Palestínu var hugsað upp – þar sem Davíðsstjarnan er lögd að jöfnu við hakakrossinn.

Það er hræðilega erfitt fyrir fólk sem hlaut menntun sína í Ísrael eða Bandaríkjunum eða einhverju öðru „vestrænu lýðræðisríki“, að viðurkenna að við vorum alin upp við fölsk og rasísk gildi. Alin upp í ótta við þá sem eru öðruvísi. Það eina sem getur orðið til að breyta hugarfarinu er síendurtekin myndin af limlestu litlu líkunum af fórnarlömbum þessara gilda. Á morgun er Yom Kippur, helgasti dagur gyðinga. Á þessum degi er ætlast til þess að fólk biðjist fyrirgefningar. Ekki að það fyrirgefi, heldur að það reyni að öðlast fyrirgefningu. Mig langar til að vitna í erindi sem ljóðskáldið Hanoh Levin heitinn, sem var eitt mesta leikskáld Ísraels, orti á sjöunda áratugnum:

*Kæri faðir,  
þegar þú stendur yfir gröf minni,  
gamall og þreyttur og einmana,  
og sérð þá grafa mig í jörðina,  
biddu mig þá um fyrirgefningu, faðir.*

Við verðum öll að biðja börnin okkar fyrirgefningar fyrir að hafa ekki verið betur á verði, fyrir að hafa ekki barist nógu hart fyrir því að halda loforð okkar um betri heim, fyrir að vernda þau ekki fyrir þessum illa sýkli, fyrir að láta þau verða fórnarlömb þessarar hræðilegu hugarsóttar sem þjáir okkur öll. Við þurfum að líta á saklausu, dolföllnu, vonsviknu litlu andlitin þeirra og spyrja sjálf okkur: Hvers vegna er vangí þeirra blóðrisa?

*Dr. Nurit Peled-Elhanan er tungumálakennari við Hebreska háskólann í Jerúsalem. Í september árið 1997 var dóttir hennar, Samarder, drepin af palestínskum sjálfsmorðsprengjumanni. Hún og fjölskylda hennar tilheyra samtökum sem heita Harmslegnar palestínskar og ísraelskar fjölskyldur fyrir friði.*

*Einar Steinn Valgarðsson þýddi.*

## Egill handtekinn

Egill Bjarnason dvaldi í Palestínu frá september til desember 2006 og tók meðal annars þátt í mótmælum heimamanna gegn hernáminu og Múrn-um, aðstoðaði við ólffutínslu og vann ýmis önnur störf í sjálfböðavinnu. Í desember bárust þær fréttir að hann hefði verið tekinn fastur af ísraelskum hermönnum á vegatálma við Nablus, sem heitir Huwwara. Hann var í varðhaldi og yfirheyrslum í fimm klukkustundir á landtökubyggð þar skammt frá. Þegar fréttir bárust af honum var hann æðrulaus – þótt hann hefði ekki verið meðhöndlaður af sanngirni, þá væru það fyrst og fremst Palestínumennirnir sem athyglin ætti að beinast að.

## Ráðist á Ortrud Guðnason

Ortrud Gessler Guðnason hefur verið í Palestínu síðan í vor, og unnið mest með Alþjóðlegu samstöðuhreyfingunni (ISM). Í byrjun maí veittust börn ísraelskra landtökumanna að henni og fleiri aktívistum í Hebron. Það var laugardagur og þar sem vinna og skóli lágu niðri og landtökumennirnir keyra ekki bíl af trúarlegum ástæðum, verja þeir tíma sínum í staðinn í að gera Palestínumönnum lífið leitt. Krakkarnir köstuðu rotnum ávöxtum í aktívistana, og bálreiddust þegar þau tóku atvikið upp á myndband. Þeim var vörnuð för af landtökuunglingum sem tepptu gönguleið. Eftir að hafa fengið ísraelska hermenn til að stugga við unglungunum, ákváðu þau að vakta gönguleiðina. Víti menn, kennari í trúarlegum skóla landtökumanna ákvað að halda kennslustund í þröngu sundinu.

Palestínsk kona þurfti að komast leiðar sinnar og aktívistarnir aðstoðuðu hana við að komast í gegn um hóp hálfstálpaðra nemenda trúarkennarans. Allt var tekið upp á myndband – og nemendurnir fokreiddust þegar þeir sáu það. „Engar myndir, engar myndir,“ æptu þau – útlendingarnir létu myndavélina síga. Það hefðu þeir ekki átt að gera, því þá réðust ungmennin á þá. Ortrud og félögum hennar var hrint, sparkað í fæturna á þeim og einn félagi hennar fékk



spark í magann. Fullorðnir landtökumenn hindruðu að hægt væri að festa árásina á filmu – en aftur kom hjálpin úr sömu óvæntu áttinni og fyrr, frá ísraelskum hermanni sem gekk á milli. Eftirmál urðu engin fyrir landtökukrakkana.

Enn komst Ortrud í hann krappan um miðjan maí. 16–18 ára óknyttaungmenni úr landtökubyggð í Hebron réðust á hana og fleiri ISM-liða með höggum, spörkum og grjótkasti. Félagi hennar, Grikki, fékk hnullung í höfuðið og heilahristing. Ortrud fékk sjálf spark í kviðinn, ljótan

marblett, en slapp sennilega við innvortis blæðingar. Hvað höfðu þau til saka unnið? Jú – þau höfðu reynt að koma í veg fyrir að þessi hópur ungmenna réðist á tvo palestínska krakka og einn fullorðinn Palestínumann. Enn lauk „viðureigninni“ með því að ísraelskir hermenn komu, skökuðu leikinn og komu útlendingunum undan. Ísraelarnir veittu þeim samt ekki fyrstu hjálp – hana fengu þau á palestínsku sjúkrahúsi sem þau komust á endanum á við illan leik.





# Röðin til Ramallah



Eftir  
Egil  
Bjarnason

Balata-flóttamannabúðirnar eru nöturnar yfir að líta þennan laugardag, rétt eins og aðra daga. En það er óvenju bjart yfir hinum tíu ára gamla Muhammed. Í fyrsta sinn á ævinni fær hann að ferðast langt út fyrir mörk Balata, alla leið til Ramallah í heimsókn til föðurbróður síns. Spennandi!

Foreldrar Muhammeds eru ekki eins spenntir yfir reisunni. Þau kvíða því að fara í fyrsta sinn með tvö yngstu börnin í gegnum alla vegatálmana á leiðinni til Ramallah. Áhyggjuefnið er ekki endilega að upplifunin hafi slæm áhrif á börnin. Barnæska þeirra hefur hvort sem er verið brennimerkt af átökum – annað er óhjákvæmilegt í Balata. Nei, foreldrar kvíða því fyrst og fremst að vera niðurlægðir fyrir framan afkvæmi sín.

Foreldrar, Muhammed og 12 ára systir hans setjast upp í leigubíl. Eldri bræður Muhammeds sitja eftir heima. „Ísraelarnir banna okkur að fara,“ segja bræðurnir við þann yngri. Ráða þeir öllu? Muhammed skildi þetta ekki.

Leigubílinn ekur áleiðis að Huwwara-veगतálmanum. Muhammed sér fátt merkilegt á leiðinni nema húsarústir, það er enginn á ferli þennan morgun enda laugardagur. Nema á endastöðinni. Þar

er sko allt fólkið!

Feðgarnir stílla sér upp aftast í mannmergðinni en mæðgurnar fara í biðröð kynsystra sinna. Karlmaður í röðinni snýr sér að föður Muhammeds og segir hneykslaður:

„Hermennirnir lokuðu fyrir alla umferð í klukkutíma! Bara sisvona!“

**Hermaður beinir byssuhlaupinu að farþega í rútu á leið frá vegatálma.**





Finnið tvo asna á myndinni.

„Hermennirnir halda að við séum vont fólk og vilja þess vegna hafa eftirlit með ferðum okkar og farangri. Bíddu bara rólegur og gerðu eins og ég segi þegar þar að kemur. Þá fer allt vel,“ svarar faðirinn.

Tveim tímum síðar standa þeir feðgar fremstir í biðröðinni fyrir framan rammgert hlið. Handan hliðsins eru fjórir vopnaðir, glaðlegir hermenn að kveikja sér í sígarettu.

„Næsti!“ kallar einn hermaðurinn. Í sömu andrá tekur félagi hans sér stöðu og miðar hríðskotabyssu að hliðinu þar sem feðgarnir ganga inn. Muhammed skýlir sér lafhræddur bak við pabba sinn, sem réttir þeim tvö skilríki. Hermennirnir segja eitthvað á tungumáli sem Muhammed kannast ekki við, og því næst hvolfir faðirinn úr ferðatöskunni sinni. Hermennirnir gramsa og gera smá gys. Faðirinn tæmir líka vasana og gefur Muhammed merki um að gera slíkt hið sama. Sonurinn þarf líka að herma eftir honum þegar hann lyftir upp skyrtunni af „öryggisástæðum“. Þeir standa enn í skotlínu hermansins með byssuna, sem er eins og límdur við miðid.

„Jalla!“ segir einn hermaðurinn loksins en í stað þess að rétta föðurnum skilríkin fleygir hann þeim í jörðina. Þegar faðirinn bifast niðurlægður eftir þeim horfa nærstaddir hermenn á Muhammed og glotta.

Mæðgurnar bíða eftir þeim fyrir utan herskýlið. Kvinnaröðin gengur oftast hraðar fyrir sig, útskýrir móðirin fyrir Muhammed.

Það léttir yfir Muhammed þegar hann sest inn í rútu. Næstum laus frá þessum skaðræðis stað. Rútan mjakast af stað en ekki líður að löngu þar til hún stoppar aftur. Enn ein röðin. Farþegar bíða af palestínski þolinmæði eftir því að röðin komi að þeim. Bílstjórinn safnar saman öllum skilríkjum, sem ísraelskir hermenn taka síðan við. Á meðan nokkrir þeirra

rýna með nefið ofan í skilríkin vappa tveir hermenn um með dólglæti. Annar bankar til að mynda með byssuskeftinu á gluggarúðu rúttunnar, sjálfum sér til skemmtunar en farþegunum til ótta.

Til þess að gera langa sögu stutta gekk ferðin hjá Muhammed svona fyrir sig þar til hann var kominn á áfangastað. Sífelld stopp á vegatálum gerðu það að verkum að þessi tæplega fjörtíu kílómetra leið, frá Nablus til Ramallah, tók á fimmta tímann.

Þessi saga er aðeins eitt dæmi um það hvernig hernámið leggst á almenning í Palestínu. Heft ferðafrelsi hefur ekki síst áhrif á efnahag í landinu; vörur komst ekki til skila og fólk ekki til vinnu. Í takt við þetta allt smjúga ótti og angst inn á óhörðnuð börn.

Vesturlandabúar fá síðan reglulegar fréttir af því að Ísraelsstjórn ætli að láta fjarlægja hina og þessa vegatálma – nánast af tóMRI góðmennsku ef marka má fréttirnar. Þeir standa vissulega stundum við það en setja í staðinn bara upp nýja vegatálma steinsnar frá þeim gamla.

Palestínუმenn bíða þess, á vegatálum jafnt sem heima hjá sér, að ástandið breytist. Og það sama gerir alþjóðasamfélagið. Nema hvað, að þar halda ráðamenn greinilega að málið leysist að sjálfum sér. Það þýðir ekki að grípa loksins inn í þegar þolinmæði Palestínumann er á þrotum og þeir gera uppreisn.

*Egill Bjarnason* er sjálfboðaliðastjóri Félagsins Ísland-Palestína.

## 40 ára hernám Palestínu

*Laugardaginn 9. júní minnst Félagið Ísland  
Palestína þess, að 40 ár eru liðin frá Sex daga  
stríðinu og upphafi hernáms Vesturbakkans og  
Gazastrandarinnar.*

*Klukkan 14:00 hefst dagskrá í Friðarhúsi, helguð  
hernáminu og múrnum. Kvikmynd verður sýnd, og  
umræður á eftir. Við sama tækifæri verður haldið  
upp á útgáfu Frjálstrar Palestínu, mál gagns félagsins.*

*Nánari dagskrá á [www.palestina.is](http://www.palestina.is)  
Allir velkomnir.*

Húsfyllir á Hótel Borg

# Vel heppnuð heimsókn Ziad Amro

Ziad Amro, félagsráðgjafi og frumkvöðull í réttindabaráttu fatlaðra í Palestínu, kom í vel heppnaða heimsókn hingað til lands í lok nóvember í boði boði Félagsins Ísland-Palestína, Blindrafélagsins og Öryrkjabandlags Íslands. Hann var m.a. aðalræðumaður á opnum fundi sem FÍP stóð fyrir á alþjóðlegum samstöðudegi Sameinuðu þjóðanna með réttindum palestínsku þjóðarinnar á Hótel Borg þann 29. nóvember þar sem hann fjallaði um áhrif hernámsins á líf palestínsku þjóðarinnar, fyrir fullu húsi. Íslenska balzamersveitin Bardukha lék þar einnig nokkur lög af nýútkominni plötu.

Ziad Amro hélt þrjá fyrirlestra á meðan dvöl hans stóð auk þess sem hann hitti forystumenn samtaka fatlaðra og blindra hér á landi, vini og stuðningsfólk fatlaðra í Palestínu. Þann 28. nóvember fjallaði Ziad um starf sitt sem formanns Öryrkjabandalags Palestínu og starf félagsráðgjafa með fötludum þar í landi á fundi á vegum Félagráðgjafaskorar HÍ og Rannsóknarseturs um barna- og

fjölskylduvernd. Þann 30. nóvember flutti Ziad fyrirlestur um endurhæfingu og heilbrigðisþjónustu í Palestínu og stöðu fólks með fötlun, á fundi á vegum Blindrafélagsins og Öryrkjabandlags Íslands.

Ziad Amro er 41 árs félagsráðgjafi að mennt, fæddur í Hebron en búsettur í Ramallah á Vesturbakkanum. Hann er helsti frumkvöðull í málefnum fatlaðra í Palestínu; stofnandi, fyrrum framkvæmdastjóri og síðar formaður Öryrkjabandalags Palestínu og hefur lengi verið virkur lengi í mannréttindabaráttu fatlaðra á herteknu svæðunum. Hann er sjálfur blindur og er forystumaður í samtökum blindra. Ziad hefur verið fulltrúi Palestínu í nefnd Sameinuðu þjóðanna í undirbúningi „Sáttmála um réttindi og reisin fatlaðra“, sem samþykktur var í september síðastliðnum.

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína vill þakka Ziad Amro kærlega fyrir vel heppnaða heimsókn og Öryrkjabandalagi Íslands og Blindrafélaginu fyrir samvinnuna við skipulagningu hennar.

## Söfnunarfé afhent konum í Palestínu

Sveinn Rúnar Hauksson, læknir og formaður Félagsins Ísland-Palestína, dvaldi í Palestínu yfir jólahátíðirnar og var á aðfangadagskvöld í Bethlehem. Ferðina nýtti hann m.a. til að koma á framfæri hluta af þeirri neyðaraðstoð sem Félagið Ísland-Palestína hefur safnað á árinu til handa konum í Palestínu. Þann 2. janúar hitti Sveinn Amal Khrishe, forystukonu hjá Palestinian Working Women Society for Development (PWWSD) og afhenti samtökunum 4000 dollara.

Á árinu var neyðarsöfnun frá félaginu til Öryrkjabandalags Palestínu stöðvuð og önnur sending til Blindrafélags Palestínu komst ekki til skila í gegnum SWIFT greiðslu (skýring gefin um að reikningur hafi ekki fundist). Í ljósi þessa hefur Félagið Ísland-Palestína kosið að senda peninga úr neyðarsöfnun til Palestínu með þeim Íslendingum sem þangað hafa farið.

PWWSD vinnur á sviði mannréttindar- og janfréttismála í Palestínu og er með starfsemi í mörgum stærstu borgum landsins; Ramallah, Nablus, Bethlehem, Tulkarem, Gaza og Jenin.

## Samskipti Íslenska ríkisins við palestínsku heimastjórnina

Ásumardaginn fyrsta birtust fréttir um að Valgerður Sverrisdóttir, þá utanríkisráðherra, vildi taka upp eðlileg samskipti við Palestínsku heimastjórnina, að hætti Norðmanna. Eins og nærri má geta fögnuðu vinir Palestínu þessari yfirlýsingu – en vilji Valgerðar reyndist steyta á forsætisráðherra.

Sú stjórn sem nú situr í Palestínu er þjóðstjórn. Það er að segja, hver einasta palestínska stjórnmalahreyfing sem á annað borð á sæti á þingi á jafnframt aðild að stjórninni. Þar eru stóru hreyfingarnar tvær, Fatah og Hamas, með fjölda meðalstórra og smárra hreyfinga. Þar eru þriðja leiðin, Lýðræðisfylkingin fyrir frelsun Palestínu, Alþýðufylkingin fyrir frjálsri Palestínu og Þjóðarfrumkvæði Palestínu, svo nokkrar séu nefndar. Aðeins þrjú þingmenn af 132 lýstu sig andvíga stjórninni. Jonas

Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs, kallaði myndun þjóðstjórnarinnar réttléga sögulegan viðburð.

Geir H. Haarde forsætisráðherra hefur sagt að afstaða Norðmanna skipti höfuðmáli á svæðinu, því þeir séu þar miklir gerendur. Afstaða Íslendinga skipti minna máli. En þegar Norðmenn tóku þessa réttu afstöðu, að taka upp samskipti við þjóðstjórnina, tók Geir dræmt í að fylgja fordæminu, sagðist ekki vera „hrifinn af Hamassamtökunum“.

Niðurstaðan varð sú að málið dagaði uppi hjá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Eftir að hún féll í kosningum kemur í ljós hvað ný ríkisstjórn gerir.

Allir taka afstöðu nema Geir Skömmu fyrir kosningarnar í vor voru leiðtogar stjórnmalaflokkanna spurðir um hvað þeim fyndist um hugmynd

Valgerðar Sverrisdóttur um samskipti við þjóðstjórnina í Palestínu?

„Ekkert nema gott um þetta að segja.“  
Jón Sigurðsson, Framsóknarflokkur.

„Ekki tímabært að taka afstöðu til þess.“  
Geir H. Haarde,  
Sjálfstæðisflokkur.

„Sjálfgafið, svo fremi sem það geti orðið til þess að styðja við friðarferlið.“  
Guðjón Arnar Kristjánsson,  
Frjálslynda flokknum.

„Eina leiðin sem er fær út úr klemmunni á svæðinu.“  
Ómar Ragnarsson,  
Íslandshreyfingunni.

„Ég tel fulla ástæðu til þess.“  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,  
Samfylkingu.

„Algjörlega sammála.“  
Steingrímur J. Sigfússon,  
Vinstri-grænum.

(Fréttablaðið greindi frá, þann 1. maí 2007.)



# Palestínuvandinn er á okkar ábyrgð!

Gegndarlaus kúgun á Palestínumönnum er fyrir löngu komin fram yfir það sem var nokkru sinni stundað í Suður Afríku enda markmiðið allt annað en þar nokkurn tíma. Markmið Ísraels er að útrýma Palestínumönnum.

Það er löngu orðið tímabært að Ísland slíti stjórn málasamstarfi við Ísrael og leiði baráttu Vesturlanda fyrir því að frelsa þessa litlu þjóð. Ég held að Íslendingar beri stóra og mikla ábyrgð á því ófremdarástandi sem er þarna syðra. Íslenska lýðveldið var einna fyrst í röðinni að viðurkenna það Ísraelska sem var ef til vill réttmæt ákvörðun á þeim tíma. En allar götur síðan hafa Íslendingar borið blak af Ísraelum og þá sjaldan að mótmælt er óhæfuverkum þeirra er það gert hjáróma mjög. Í þessu máli sem mörgum öðrum hafa Íslendingar fylgt Bandaríkjunum eins og leppríki.

En sú ákvörðun og sagan öll síðan leggur ríkar skyldur þjóðarinnar og íslenskrar utanríkisþjónustu að standa þétt við hlið Palestínumanna sem nú eru lokaðir inni í gettóum á Vesturbakka Jórdanár. Þéttar en gert er hefur í utanríkisþjóðum núverandi stjórnar. Meðferð herraþjóðarinnar á Palestínumönnum er löngu komin langt yfir það sem Suður Afríkustjórnin leyfði sér á tímum aðskilnaðarstefnunnar þar í landi. Enda markmiðið talsvert annað.

Markmiðið með kúguninni á Palestínumönnum er með einum eða öðrum hætti þjóðarmorð. Kynslóðir hafa þar verið



Eftir  
**Bjarna  
Harðarson**

lokaðar af í flóttamannabúðum frá seinna stríði. Atvinnulíf er nánast ekkert og lífibrauðið ölmusa Sameinuðu þjóðanna. Hin svokölluðu sjálfstjórnarsvæði Palestínumanna eru litlir skifar inni á milli landnemabyggða. Þar búa ofstækisfullir þjóðernissinnar sem hafa að tómtundagarni að grýta palestínska bændur í skjóli hersins.

Það er löngu tímabært að íslenska lýðveldið móti sjálfstæða og raunverulega utanríkisstefnu í stað þess að dindlast aftan í úreltum kaldastríðsórúrum bandarískra rebúblikana.

Íslendingar hafa allt frá lýðveldisstofnun verið undarlega ábyrgðarlausir í sinni utanríkisþjóðum. Dindlast þar aftan í Bandaríkjamönnum og láta jafnvel enn eins og kalda stríðið sé í fullum gangi. Versta birtingamynd þessa var þegar tveir menn ákváðu að þjóðin væri þátttakandi í stríði suður í Írak. Formenn stjórnarflokka gerðu þar sitt stærsta axarskaft en báðir þeir heiðursmenn eru nú horfnir til annarra starfa.

Af orðum núverandi formanns Framsóknarflokksins má ráða að hann telur

forvera sinn hafa tekið ranga ákvörðun í þessu máli. Það er í áttina og guð láti þar gott á vita.

Formaður Sjálfstæðisflokks telur sig í engu þurfa að ræða þetta enda sem fyrr fullviss um að flokksbræður hans og kjósendur séu tilbúnir til að fylgja Pentagon stefnunni í blindni. Þar fer Geir Haarde villur vegar. Hinn almenni kjósendi Sjálfstæðisflokksins veitað kalda stríðinu er lokið þó þingflokkur þessa sama flokks virðist ekki hafa áttað sig á því. Ógnin af alheimskommúnismanum sem var að einhverju leyti raunveruleg er að baki. Öllum upplýstum almenningi er ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn á óunnið uppgjör við Írakstríð, Palestínuvandamál og fleiri ljóta kafla sem lesa má um í gömlum Morgunblaðsleiðurum dómsmálaráðherrans.

Fyrir okkur Framsóknarmönnum er einnig margt óafgreitt og eitt það stærsta þar snertir vanda Palestínsku þjóðarinnar. Því fer fjarri að íslenskir stjórnámálmenn geti þar fríað sig allri ábyrgð.

Sjálfum er mér þetta hugleikið enda naut ég gestrisni Palestínumanna fyrir áratugum þegar ég dvaldi í landi þeirra um hálfis árs skeið.

*Bjarni Harðarson* er blaðamaður og bóksali á Sólbakka á Selfossi, og nýkjörinn alþingismaður Sunnlendinga.

[Þessi grein birtist upphaflega í Sunnlenska fréttablaðinu í janúar.]



# Nú er mál að linni

„Sérhver ný kynslóð Araba hatar Ísrael meira en kynslóðin á undan.“ Þetta sagði núverandi forseti Sýrlands, Bashar al-Assad, í ræðu sinni nú á dögum, eftir innrás Ísraels hers í Suður-Líbanon. Nútíma fjölmiðlun leikur ofbeldismenn ábyrgs ríkisvalds – Ísrael – jafn grátt og fréttáflutningur bandarískra sjónvarpsfréttamanna bandarísk stjórnvöld í Vietnamstríðinu á 7. áratugnum. Uri Avnery, fyrrum þingmaður á ísraelska þinginu, segir meginafrakstur nýlokinnar stýrjaldar vera hatur. Myndir af dauða og eyðileggingu náðu inn á hvert arabískt heimili, sérhvert heimili múslíma, frá Indónesíu til Marokkó, frá Jemen til múslímsku gettóanna í Lundúnum og Berlín. Ekki bara í eina klukkustund eða heilan dag, heldur í 33 daga samfelld – dag eftir dag – klukkutímum saman. Menn horfðu upp á limlesta barnslíkama og hágrátandi, örvilnaðar mæður á rústum híbýla sinna, ísraelsk ungmenni að skrifa kveðjur utan á flugskeyti mínútum áður en þeim var skotið á þorp í Líbanon.

Ég get ekki komist hjá því að minnst orða Olofs Palme 1982, þegar Ísraelsmenn gerðu innrás í Líbanon og hernámu suðurhluta landsins þar, her-

nám sem varði þar til fyrir sex árum:

„Mínkynslóð, sem í æsku horfði á myndir af gyðingabörnum í útrýmingarþúðum og gettóum, við skynjuðum þau skelfilegu afbrot sem framin höfðu verið á þeim og sem áttu eftir að valda þeim sársauka sem hefur fylgt okkur alla ævi – við finnum að sjálfsögðu til örvæntingarfulls sársauka þegar við sjáum myndirnar af palestínsku börnunum, sem nú eru ofsótt á nákvæmlega sama hátt. En í þetta sinn er það Ísrael sem stendur á bak við gjörðina.“

Í dag er hægt að horfa á sjónvarpsefni víða að. Horisont er heimildamyndapáttur í danska sjónvarpinu. Þar var nýlega viðtal við Hisbullah-liða, barnakennara í líbónsku þorpi. Hann sýndi viðmælandanum víðfeðmt landsvæði þaðan sem Ísraelar höfðu flutt mikið magn af gróður mold yfir til Norður-Ísrael. Ástandið er svipað um allan Vesturbakkann. Ísraelar taka byggingarefni, vatnssuppsprettur og land að eigin geðþótta. Án þess að greiða fyrir. Palestínnum mega ekki gera dýpri brunna en 150 metra. Þrjú leyfi fyrir slíka brunnagerð hafa verið veitt á Vesturbakkanum frá 1967. Listinn yrði langur ef allt ætti að telja upp. Frá 1967 hafa Palestínnum búið við hernám,



Eftir  
Borgþór  
Kjærnested

ekki bara svonefndir Palestínu-Arabar (strangt til tekið líta Palestínnum ekki á sig sem arabar) heldur einnig kristnir menn, sem eru ýmist af grískum, armenskum eða arabískum uppruna, en hafa búið um aldir í landinu. Ísraelsk stjórnvöld beita alls konar aðferðum við að vinna gegn starfsemi kirkjunnar í landinu. Ein aðferð er að hækka jafnt og þétt skatta og gjöld á sjúkrahússtofnunum hennar. Vesturevrópskar kirkjur stunda víðtækt mannúðarstarf á Vesturbakkanum, bæði á vegum rómversk-kaþólsku kirkjunnar, ensku biskupakirkjunnar og þeirrar lútersku. Meðal annarra eru það prestar á eftirlaunum frá Svíþjóð, Danmörku og Noregi sem fylgja palestínskum börnum til og frá skólum til að vernda þau fyrir grjótkasti ísraelskra hermanna. Nokkuð sem maður trúir ekki fyrir en maður upplifir það. Þörf fyrir öflugri stuðning norrænu kirknanna er hins vegar mikill.

Þegar 20 ár voru liðin frá Sex daga stríðinu árið 1987 hélt sænski utanríkisráðherra Sten Andersson ræðu og sagði m.a.: „Allan þennan tíma hefur





Ísrael hersetið víðáttumikið arabískt landsvæði þar sem mikill fjöldi fólks býr. Þetta er fremur sorglegt afmæli. Sorglegt vegna þess að Palestínnumenn búa við hernám eins og annars flokks íbúar á sínu eigin landi. Sorglegt vegna þess að ísraelski hernámsaðillinn hefur tekið að sér það hlutverk að verða kúgari annarrar þjóðar og þar með skapað aðstæður sem með tíð og tíma geta ógnað tilveru Ísraels sjálfra. Sorglegt fyrir samfélag þjóðanna, sem með vaxandi ugg er vitni að því hvernig brot gegn þjóðarétti viðgengst áratug eftir áratug án þess að náist nokkur árangur til að skapa frið. Tvennskonar þjóðaréttur má aldrei verða staðreynd – einn fyrir Ísrael og annar fyrir umheiminn að öðru leyti.“

Í dag fer sorglega lítið fyrir stjórn-málamönnum sem standa upp og mótmæla kynþáttaaðskilnaðarstefnu og þjóðernisfasisma zionismans. Fjöldi ísraelskra menntamanna og friðarsinna saknar þeirra. Ísraelsk stjórnvöld hafa komist upp með að stimpla alla gagnrýni á framferði þeirra sem anti-semítisma eða gyðingahatur. Arabar eru líka semítar og því jaðrar ofstæki gegn múslímum líka við anti-semítisma. Ég lít ekki á mig sem einhvern gyðingahatara þegar ég gagnrýni ofbeldi Ísraelskers. Menn eru hættir að líta á fordæmingu helfararinnar sem einhver sérstök hnjóðsyrði í garð þjóðverja almennt.

Ég hef séð myndir af líkum eftir sprengikúlur Ísraelskers, horft yfir haugana af brotnum tölvum í palestínskum skólum að lokinni heimsókn ísraelskra hermanna. Hernám kallar á andspyrnu. Andspyrna felst meðal annars í beitingu vopna gegn hernámsveldinu. Þetta er viðurkenndur alþjóðaréttur. Andspyrnuhreyfing Norðmanna og Dana sem beitti meðal annars hryðjuverkum urðu frelsishefjur landa sinna að stríðinu loknu. Út um alla Jerúsalemborg má finna minnismerki yfir hryðjuverkamenn gyðinga sem voru í samtökum eins og Stern, Irgun og

Haganah. Menn eins og Menahem Begin og Izhak Rabin voru í slíkum samtökum, samtök sem þessi myrtu árið 1949 Folke Bernadotte friðarsendiboða SP.

Nú er mikið talað um rétt Ísraels til að verja sig. Sá réttur gildir einungis um varnarstríð innan eigin landamæra. Hernámsandstaða er líka alþjóðlegur réttur og skráður á spjöld SP. Þessi réttur útleggst svo á íslensku:

„Engan hluta lands vors má af hendi láta án viðspyrnu. Nú tekst fjandmönnum vorum samt sem áður að leggja undir sig hluta af landi voru og setja þar á fót eigin stjórn, og er þá landið samt sem áður íslenskt... Andstöðunni verður þá haldið áfram á hernumdu landi. Innrásaraðili skal aldrei upplifa öryggi. Baráttunni skal fram haldið þar til allt landið er

laust úr ánaud.“ (segir í reglum S.P. um þjóðaréttinn)

Boðskapurinn er: Haldið áfram að berjast á móti. Þetta gildir fyrir Ísland og íslensku þjóðina og það sama á einnig við um palestínsku þjóðina.

Ísraelsmenn halda því gjarnan fram að Palestínnumenn stundi hryðjuverk – ekki andspyrnu. Í sögulegu samhengi og borið saman við starfsemi Stern gegn Bretum er munurinn óverulegur. Hins vegar hefur því sem næst annar hver palestínskur karlmaður setið í fangabúðum Ísraelskers að meðal tali í 2 ½ ár, og nú sitja nærri 10.000 manns í fangabúðum Ísraelsmanna, meira að segja konur og börn. Ísraelsk ungmenni sem neita að gegna herþjónustu á hernumdu svæðunum eiga yfir höfði sér 6 til 8 mánaða fangelsi fyrir slíka óhlýðni.

Dæmin um hve ástandið er slæmt og hversu vonlaus framtíð palestínkra og ísraelskra ungmenna er í dag á meðan Ísraelar eru ófærir um að fara að samþykkt Öryggisráðs SP nr. 242 og hverfa á brott með herlið sitt af palestínsku landi eru óteljandi. Friðarferli Oslóarsamkomulagsins lauk að sjálfsgöðu með kosningasigrari Ariels Sharon, en hann gekk til kosninga undir kjörorðinu „Peace agreement to pieces“ (rífum friðarsamkomulagið í tætlur) og nýtt samkomulag hefur ekki verið gert. Umheimurinn verður að grípa í taumana ef ekki á að fara enn verr.

Höfundur hefur dvalið tæpt hálf ár á Vesturbakkanum og í Ísrael á árunum 2003 til 2006.

## Hjálparbeiðni Augusta Victoria Hospital

# Ísland-Palestína sendir 2.000 dali

Í mars 2006 komst rekstur sjúkrahússins Augusta Victoria Hospital í uppnám. Margir Íslendingar sem farið hafa til Palestínu þekkja sjúkrahúsið af góðu, og hafa sumir gist á sambyggðu gisti húsi. Augusta Victoria stendur uppi á Olíufjallinu í Austur-Jerúsalem, og er rekið af Lútherska heimssambandinu, LWF. Þjónusta þess er íbúum Vesturbakkans geysilega mikilvæg, bæði vegna slæms almenns aðgengis að heilbrigðisþjónustu, en líka vegna þess að það er m.a. eina sjúkrahúsið á Vesturbakkanum sem hefur gervinýra fyrir nýrnaveik börn og nýjustu tækni í krabbameinsmeðferð.

Þegar Ísraelar skrúfuðu fyrir skattpen-

inga til palestínsku heimastjórnarinnar eftir lýðræðislegan kosningasigur Hamas, skrúfaðist um leið fyrir mánaðarlegt 200.000 dollara framlag hennar til sjúkrahússins. Það þarf peninga til að reka sjúkrahús, og þegar ekki var í önnur hús að venda sendi Augusta Victoria út hjálparkall.

Í sjóði Neyðarsöfnunar Félagsins Ísland-Palestína voru dálitlir peningar, og sendi félagið þegar í stað 2000 dollara sem stuðning til Augusta Victoria sjúkrahússins. Jafnframt var leitað til Þjóðkirkjunnar og ríkisstjórnarinnar eftir frekari stuðningi, enda duga 2000 dollarar skammt þegar stórt sjúkrahús á í hlut.

# Kveðið um kvölina



## Tilfinningarök

„Menn, konur og börn í valnum  
limlest, svívirt og saurguð  
afskræmd, fólk kúgað og niðurlægt  
svipt ástvinum, lifandi í örbirgð  
tortíming, fólk lepjandi dauðann úr skel  
hver dagur skelfing, fólk í angist  
fólk á flötta  
fólk sem er búið að ræna fortíð sinni  
nú tíðin er martöð  
fram tíðin óvissa  
fólk sem veröldin hefur gleymt  
fólk sem veröldinni stendur á sama um  
Allt þetta nístir mig“  
segi ég  
þar sem við skeggræðum á Mokka  
„Piff,  
tilfinningarök“  
segir þú  
sýpur dreggjarnar úr kaffibollanum  
og skellir hellunum  
fyrir eyrun

Einar Steinn Valgarðsson

## Ránfuglar

Orrahríð herþotanna  
breiðir út vænghafið  
í oddaflugi, hnitar hringa  
og verpir sprengjum í hreiðrin  
úr sprengjuhrærunni klekjast afkvæmin  
í sviðnum hreiðrunum  
ungarnir höggvast á  
en fylgja svo flugi feðranna  
út að sjóndeildarhringnum  
þar sem örmagna sólin  
hnígur blóðstokkin til viðar  
í hinsta sinn

Einar Steinn Valgarðsson

## Börnin sem lifa í Beit Hanoun

Tileinkað þeim börnum sem féllu í árásum Ísraels hers  
á samnefndan bæ á Gazaströndinni. En ekki aðeins  
þeim, heldur „heldur öllum börnum sem orðið  
hafa fórnarlömb stríðsins fyrir botni Miðjarðarhafs,  
bæði palestínskum og ísraelskum“ eins og segir í  
orðsendingu frá höfundi.

Á friðsælum degi við fuglanna söng,  
frjáls hlaupa systkin um tún.  
Brosandi sólin bregður þá geislum  
á börnin sem lifa í Beit Hanoun.  
Blíðlega móðir þau kyssir á kinn  
er kvöldar og hlýjan sinn dún  
breiðir þau yfir og ber sína ást  
á börnin sem sofa í Beit Hanoun.  
En skjótt heyrast stúlku frá skelfileg óp  
er skothríðar mark verður hún.  
Bær hennar logar er blóðdropar falla  
á börnin sem deyja í Beit Hanoun.  
Þá fölna öll fegurstu blómin um stund,  
fold eignast augun svo brún.  
Blæinn hann stillir er blómsveigur fellur  
á börnin sem kveðja í Beit Hanoun.  
En gjöfin til okkar frá Guði er sú  
að nýr dagur rís fyrir rún.  
Ber jarðar spretta og bjartsýni glóir  
á börnin sem fæðast í Beit Hanoun  
Og á friðsælum degi við fuglanna söng,  
frjáls hlaupa systkin um tún.  
Brosandi sólin bregður þá geislum  
á börnin sem lifa í Beit Hanoun.

Bjarni Þór Sigurbjörnsson

# Stutt yfirlit yfir liðið starfsár

## Aðalfundur 2006

22. mars 2006 hélt Félagið Ísland-Palestína aðalfund í Norræna húsinu. Stjórnin sem þá tók við skipti þannig með sér verkum: Sveinn Rúnar Hauksson formaður, Eldar Ástþórsson gjaldkeri, Vésteinn Valgarðsson ritari, Eva Einarsdóttir varaformaður og Borgþór Kjærnested meðstjórnandi.

## Mótmæli

Tvennar mótmælaaðgerðir voru haldnar. Þær fyrri voru í júlí á Austurvelli, gegn árásum á Gaza. Hljómveitin Llama safnaði fólki saman fyrir framan sviðið og hitaði fólk upp í rígingunni með stórskemmtilegri samba sveiflu. KK tók nokkur lög með Llama og spilaði síðar einn og sér nokkur af sínum fallegu lögum. Ræðumenn fundarins voru Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður og Sveinn Rúnar Hauksson læknir og formaður Félagsins Ísland-Palestína, Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, sá um fundarstjórn. Slagorð fundarins voru eftirfarandi: Stöðvið stríðs-glæpina! Ísraelsker burt úr Palestínu! Viðurkennum sjálfákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar! Niður með múrinn! Alþjóðlega vernd fyrir íbúa herteknu svæðanna! Frjáls Palestína!

Í nóvember var mótmælafundur við utanríkisráðuneytið, gegn heimsókn ísraelska sendiherrans. Fyrirvarinn var mjög stuttur, en rúmlega 100 manns komu og mótmæltu. Sendiherrann laumaði sér bakdyramegin út.

## Félagsfundir

Tveir opnir félagsfundir voru haldnir á starfsárinu. Sá fyrri var árlegur samstöðufundur 29. nóvember, þar sem Ziad Amro, frumkvöðull í réttindabaráttu öryrkja í Palestínu, var gestur FÍP, Öryrkjabandalags Íslands og Blindrafélagsins.

Hinn opni fundurinn var í Friðarhúsinu við Snorrabraut (Njálsgötu 87) í mars. Þar sagði Egill Bjarnason frá nýlegri ferð sinni til Palestínu og sjálfböðastarfi sínu á herteknu svæðunum í máli og myndum, og Sveinn Rúnar Hauksson sagði frá jólaferð sinni og Kristínar dóttur sinnar til Palestínu. Þá var heimildarmyndin

Sófakynslóðin sýnd, en hún fjallar um aktivisma á Íslandi. Fundurinn var vel sóttur og nánast húsfylli.

## Kvikmyndasýning

Félagið stóð líka fyrir sýningu á heimildarmyndinni Gaza Strip á Kaffi Kúltúra í nóvember. Unglingahljómsveitin Retro Stefson lék nokkur lög og Sveinn Rúnar Hauksson hélt tölu.

## Tónleikar

Fimmtudaginn 25. maí hélt Félagið Ísland-Palestína, í samvinnu við UNIFEM á Íslandi, vel heppnaða styrktar- og stuðningstónleika fyrir konur í hertekinni Palestínu á Grand rokk. Á tónleikunum komu fram Reykjavík!, Mr. Silla, Wulfgang, Seabear og Shadow Parade. Myndir frá Huggleiki Dagssyni voru boðnar upp og varningur seldur, m.a. sérhannaðir bolir Nakta apans og Dead. Allir listamennirnir sem komu fram á tónleikunum gáfu vinnu sína. Sama má segja um Söru, Tolla og alla í Nakta apanum, Jón Sæmund í Dead, Bros-boli sem gáfu peysur og boli í framleiðsluna og Steini og Maggi sem hönnuðu plakatið.

## Ferðir til Palestínu

Egill Bjarnason fór á eigin vegum til Palestínu og var í þrjá mánuði, frá september til desember, og starfaði mest með aktífastasamtökunum LSM og gat sér gott orð fyrir. Sveinn Rúnar Hauksson formaður félagsins og Kristín Sveinsdóttir dvöldu í Palestínu yfir hátíðirnar og voru í Bethlehem á aðfangadag. Þau afhentu Palestinian Working Women Society for Development 4000 dollara úr neyðarsöfnun félagsins, sem á starfsárinu var einkum ætluð palestínskum konum.

## Aðalfundur 2007

Þann 21. mars hélt Félagið Ísland-Palestína síðan aðalfund ársins 2007 í Norræna húsinu. Jóhanna K. Eyjólfsdóttir sagði frá starfi Amnesty International í Palestínu, Petter Winnberg flutti tónlist og Ingólfur Gíslason las ljóð. Fundurinn samþykkti að fjölga stjórnarmönnum í 7 aðalmenn og 4 varamenn. Viku seinna

hittist svo ný stjórn og skipti með sér vekrum sem hér segir:

### Í aðalstjórn

Sveinn Rúnar Hauksson, formaður  
Eva Einarsdóttir, fyrsti varaformaður  
Borgþór S. Kjærnested,  
annar varaformaður  
Vésteinn Valgarðsson, ritari  
Eldar Ástþórsson, gjaldkeri  
Einar Teitur Björnsson, sölustjóri  
Egill Bjarnason, sjálfböðaliðastjóri.

### Í varastjórn

Anna Tómasdóttir, neyðarsöfnunarstjóri  
Hjámtýr Heiðdal, kynningarstjóri  
Quassay Odeh, framkvæmdarstjóri  
matur & menning  
Yousef Tamimi, sniðgöngustjóri

Byggt á skýrslu stjórnar á aðalfundi 2007, en hana má lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins, [www.palestina.is](http://www.palestina.is)

## Til helvítis . . .

Framhald af bls. 20

Refsiaðgerðirnar leggjast ofan á það hrikalega ástand sem Palestínnumenn búa við; hundruð þúsunda þeirra dúsa í flóttamannabúðum, fjögurra áratuga hernám í landi þeirra varir enn og innbyrðis átök hafa blossað upp. Það eykur auðvitað enn á örvæntinguna í Palestínu að lýðræðislega kjörin stjórn landsins sé sniðgengin. Nú hefur verið mynduð þjóðstjórn í Palestínu sem Hamas, Fatah og fjöldi smærri flokka á aðild að. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hefur tekið það þarfa og lýðræðislega skref að lýsa því yfir að taka eigi upp eðlileg samskipti við hana. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði hins vegar í kosningabætti á Stöð 2 að skoða verði „gaumgæfilega“ samskipti Íslendinga við heimastjórn Palestínnumanna, um leið og hann lýsti þeirri skoðun sinni að hann væri „ekkert sérstaklega hrifinn af Hamas-hreyfingunni“.

Er Geir að grínast? Telur hann eðlilegt að íslenska ríkisstjórnin sniðgangi lýðræðislega kjörna stjórn í Palestínu vegna þess að í henni séu flokkar sem hann er ekki hrifinn af? Vill Geir ekki bara sjálfur sjá um að raða upp ríkisstjórn Palestínu? Íslenska ríkisstjórnin á að sjá sóma sinn í því að viðurkenna lýðræðislega kjörna stjórn í Palestínu. Strax! Það að refsastjórnina grefur ekki aðeins undan lýðræðisþróun í Palestínu og Mið-Austurlöndum – heldur eru mjög skýr skilaboð frá Íslandi til íbúa herteknu svæðanna, sem hafa staðið í baráttu fyrir frelsi sínu og mannréttindum í áratugi; til helvítis með Palestínu!

Höfundur situr í stjórn félagsins  
Ísland-Palestína.



Málgagn Félagsins Ísland-Palestína  
1. tbl. 18. árg. – Júní 2007

Ritstjóri: Vésteinn Valgarðsson  
Útlit og umbrot: Haukur Már Haraldsson

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:  
*Sveinn Rúnar Hauksson*, formaður  
*Eva Einarsdóttir*, fyrsti varaformaður  
*Borgþór S. Kjærnsted*, annar varaformaður  
*Eldar Ástþórsson*, gjaldkeri  
*Vésteinn Valgarðsson*, ritari  
*Einar Teitur Björnsson*, sölustjóri  
*Egill Bjarnason*, sjálfboðaliðastjóri  
*Anna Tómasdóttir*, neyðarsöfnunarstjóri  
*Hjálmtyr Heiðdal*, kynningarstjóri

*Quassay Odeh*, framkvæmdastjóri Matur og menning  
*Yousef Tamimi*, sniðgöngustjóri

Póstfang:  
Félagið Ísland-Palestína  
Depluhólar 9, 111 Reykjavík  
Sími: 895 1349  
Heimasíða: [www.palestina.is](http://www.palestina.is)  
Netfang: [palestina@palestina.is](mailto:palestina@palestina.is)

# Til helvítis með Palestínu!

Í ár verða 40 ár liðin síðan Ísraelsher hertók Vesturbakkann og Gaza og lagði þar með undir sig síðustu svæði Palestínu. Þótt lífllíngur hafi náðst í frelsisbaráttu Palestínumanna síðan þá hafa íbúar herteknu svæðanna þó náð þeim rétti að fá að kjósa fulltrúa sína í lýðræðislegum kosningum. Eða svo leit að minnsta kosti út fyrir, þar til íbúarnir kusu annað en ríkisstjórnir Ísraels og ýmissa Vesturlanda, þar á meðal Íslands, töldu ákjósanlegt.

Rúmt ár er nú liðið síðan Fatah missti meirihluta sinn í hniffjöfnum þingkosningunum í Palestínu. Íbúarnir völdu breytingu og Hamas-samtökin höfðu betur. Úrslitin voru ríkisstjórn



Eftir  
Eldar  
Ástþórsson

Ísraels ekki að skapi og Bandaríkjastjórn hafði að engu yfirlýst markmið sitt um að styðja við lýðræði í Mið-Austurlöndum og neitaði að viðurkenna hina nýju stjórn. Skipti þar engu þótt íbúar herteknu svæðanna hafi gert Palestínu að eitt af örfáum lýðræðisríkjum Mið-

Austurlanda. Lýðræðisríki segi ég – þótt staðreyndin sé sú að Palestína er ekki viðurkennt sem sjálfstætt ríki af Ísrael né Bandaríkjunum. Þessi ríki eru því miður ekki ein um það, því við Íslendingar erum á meðal þeirra þjóða sem ekki viðurkenna sjálfstæði Palestínu. Stefna íslenskra stjórnvalda hefur þó verið að „viðurkenna beri sjálfsvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar,“ eins og segir í ályktun Alþingis frá árinu 1989.

En þessi sjálfsvörðunarréttur er greinilega vandmeðfarinn, því undanfarin höfum við tekið þátt í þeim ljóta leik að refsa Palestínumönnum fyrir að kjósa ekki „rétt“ í sínum eigin kosningum. Framhald á bls. 19

## Matur & menning

Félagið Ísland-Palestína heldur palestínskt matar- og menningarkvöld miðvikudaginn 14. júní næstkomandi.

Þríréttuð palestínsk máltíð, myndasýning, ljóðalestur og fleira. Hefst klukkan 19:00 á Kebabhúsinu, Grensásvegi 3.

Takmarkaður miðaföldi.

Pantið fyrir 12. júní á [palestina@palestina.is](mailto:palestina@palestina.is) eða í sínum 694-6748 (Qussay) eða 846-6636 (Youssef)

Aðgangur: 1.990 krónur.

Allur ágóði rennur til neyðarsöfnunar handa Palestínu.

Viðtakandi: